

**RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFAEILDAR 1997**

**XV**

**FORNLEIFARANNSÓKN  
Á EIRÍKSSTÖÐUM Í HAUKADAL**

21. júlí - 1. ágúst

Guðmundur Ólafsson og Ragnheiður Traustadóttir



**FORNLEIFAEILD ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS  
REYKJAVÍK 1998**

*Forsíðumynd: Horft til austurs yfir skálarúst og uppgraftarsvæði á Eiríksstöðum 1997.*

© Þjóðminjasafn Íslands/Guðmundur Ólafsson og Ragnheiður Traustadóttir  
Öll réttindi áskilin.  
ISSN 1560 8050

# EFNISYFIRLIT

<b>1. EIRÍKSSTAÐIR Í HAUKADAL .....</b>	<b>5</b>
1.1 INNGANGUR .....	5
1.2 AÐDRAGANDI .....	5
1.3 STAÐHÆTTIR .....	6
1.4 EIRÍKUR RAUÐI .....	6
1.5 FYRRI RANNSÓKNIR .....	6
1.6 RUINS OF THE SAGA TIME.....	6
1.7 RANNSÓKNARSKÝRSLA MATTHÍASAR ÞÓRDARSONAR .....	9
<b>2. RANNSÓKN 1997 .....</b>	<b>11</b>
2.1 HMITAKERFI.....	12
2.2 SNIÐLÍNA YFIR SKÁLA OG JARÐHÚS .....	12
2.3 UPPGRAFTARSVÆÐI.....	12
2.4 YFIRBORDSMÆLING Á SVÆÐINU .....	12
2.5 TÓFTIN.....	13
2.5.1 Eldstæði.....	14
2.5.2 Gólf.....	14
2.5.3 Set.....	14
2.5.4 Norðurveggur.....	15
2.5.5 Suðurveggur.....	15
2.3 MANNVISTARLAG SUNNAN VIÐ SKÁLA .....	16
2.4 SKRIÐUFALL .....	16
2.5 ÞVERSNIÐ .....	16
2.5.1 Lýsing á sniði.....	17
2.5.2 Sniðið innan í tóftinni: .....	18
2.5.3 Suðurveggur í sniði:.....	19
2.6 JARÐHÚS.....	19
2.7 FUNDASKRÁ .....	20
2.8 TEIKNINGAR: .....	20
2.9 FRÁGANGUR UPPGRAFTARSVÆÐIS .....	21
2.10 NIÐURSTÖÐUR: .....	21
2.11 GEISLAKOLSGREINING.....	21
2.12 HEIMILDIR .....	23
<b>3 SKRÁNING NOKKURRA MINJA Í DALABYGGÐ.....</b>	<b>25</b>
STÓRA VATNSHORN .....	25
1 Bergrista/galdrastafur .....	25
2 Hænsnakofi og hesthús.....	26
3 Útihús.....	27
LJÁRSKÓGASEL .....	28
4 Katlar .....	28
5 Ljárskógasel.....	28
LAMBASTAÐIR.....	29
6 Haugur Þórðar godða.....	29
SAURSTAÐIR.....	30
7 Orustuhvammur .....	30
7.1 Gerði.....	30
7.2 Vegarslóði.....	31
7.3 Fornleg tóft .....	31
7.4 Varða .....	31
7.5 Hugsanlegar minjar .....	31
7.6 Dysjar?.....	31
VILLINGADALUR .....	31
8 Kirkjufell.....	31
JÖRFI .....	32
9 Valbjófsstaðir hinir fornu.....	32
10 Rúst vestan við Stekkjargil .....	33
HAMRAR.....	33
11 Hraunkot .....	33

JÖRFI .....	34
12 Kirkjutótt og kirkjugarður.....	34
13 Þinghústótt.....	34
14 Hof.....	35
15 Huldufólksbústaður.....	35
16 Hæsnakofi .....	35
17 Gálghamar.....	35
VIÐAUKI: RANNSÓKN Á SÝNI ÚR FORNLEIFAUPPGREFTRI AÐ EIRÍKSSTÖÐUM 1997. ....	36

# 1. EIRÍKSSTAÐIR Í HAUKADAL

Skýrsla um fornleifarannsókn dagana 21. júlí - 1. ágúst 1997

Guðmundur Ólafsson og Ragnheiður Traustadóttir

## 1.1 Inngangur

Samantekt þessi er lokaskýrsla um fornleifarannsókn sem fram fór að Eiríksstöðum í Haukadal, Dalasýslu, sumarið 1997. Bætt hefur verið við niðurstöðu geislakolsmælinga sem ekki lá fyrir er bráðabirgðaskýrsla út kom í desember 1997. Sú aldurgreining rennir enn frekari stöðum undir þá skoðun að Eiríksstaðir séu frá söguöld.

Rannsóknin 1997, sem telja verður könnunarrannsókn, sýndi að þrátt fyrir all-umfangsmiklar fornleifarannsóknir fyrri tíma á Eiríksstöðum væri ný og nútímaleg rannsókn á staðnum fyllilega réttlætanager. Rannsóknin 1997 leiddi ótvírætt í ljós að rústirnar eru leifar af fornun eldaskála og geyma enn afar forvitnilegar upplýsingar um búsetu frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar.

Skýrsluhöfundar þakka Haukdælingum alla aðstoð og áhuga á starfi sínu, ekki síst Árna Benediktssyni og Guðrúnu Ágústsdóttur á Stóra-Vatnshorni sem sýndu höfundum mikla gestrisni og höfðingsskap. Allir voru boðnir og búnir að leggja rannsókn og skráningu á fornminjum lið með margs konar hætti.

Auk skýrsluhöfunda unnu þrír starfsmenn unglíngavinnunnar í Búðardal, þeir Óskar Hilmarsson, Elfar Ágústsson og Guðmundur Sveinn Grétarsson, að uppgreftinum á Eiríksstöðum.

## 1.2 Aðdragandi

Þann 26. febrúar 1997 kom Friðjón Þórðarson á Þjóðminjasafnið til að ræða ýmsar hugmyndir um framkvæmdir á Eiríksstöðum í Haukadal. Greindi hann m.a. frá miklum áhuga manna í Dalasýslu um að halda á lofti minningu Leifs Eiríkssonar. Stofnuð hefur verið nefnd um málið sem nefnist Eiríksstaðanefnd<sup>1</sup>. Hlutverk hennar er að undirbúa og halda uppi minningu Leifs Eiríkssonar og landafundanna í vestri, reisa minnismerki og hugsanlega að standa fyrir endurgerð bæjar Eiríks rauða í Haukadal. Nefndin vill vekja athygli á sögunni með þessum hætti og reyna að gera söguna meira lifandi með þessum hætti og auka straum ferðamanna í Haukadal.

Guðmundur Ólafsson, deildarstjóri fornleifadeildar, taldi að óráðlegt væri að hefja endurgerð á bæ Eiríks rauða án þess að farið hefði fram rannsókn á staðnum, þar sem nútímalegum aðferðum fornleifafræðinnar væri beitt. Hæpið væri að byggja á rannsóknnum Þorsteins Erlingssonar frá árinu 1895 og Matthíasar Þórðarsonar frá 1938. Margt orkaði tvímælis í þeim niðurstöðum og þær hefðu ekki svarað ýmsum nauðsynlegum spurningum um rústina. Nauðsynlegt væri að reyna að gera sér betur grein fyrir hlutverki, aldri, stærð og tegund tóftarinnar á Eiríksstöðum. Var Friðjón sammála því að æskilegt væri að gera þarna nýja rannsókn áður en hafist væri handa um endurbyggingu.

Óskaði hann eftir kostnaðaráætlun frá fornleifadeild fyrir rannsókn á Eiríksstöðum sem gæti nýst sem undirbúningur fyrir frekari framkvæmdir á staðnum, einkum í sambandi við hugsanlega endurgerð skálans á Eiríksstöðum.

---

<sup>1</sup> Í Eiríksstaðanefnd eru Friðjón Þórðarson formaður, fyrrverandi sýslumaður, alþingismaður og ráðherra, Jóhann Sæmundsson bóndi í Ási í Laxárdal, Sr. Óskar Ingi Ingason, Sigurður Rúnar Friðjónsson oddviti í Búðardal og varamaður Árni Benediktsson bóndi á Stóra-Vatnshorni.

Fornleifadeild lagði fram nokkrar kostnaðaráætlanir fyrir misumfangsmiklar rannsóknir og í framhaldi af því ákvað Eiríksstaðanefnd að láta gera frumkönnun á staðnum í samræmi við ofangreind markmið. Óskaði Eiríksstaðanefnd eftir því að fornleifadeild tæki rannsóknina að sér.

### 1.3 Staðhættir

Haukadalur í Dalasýslu er langur og mjór dalur, sem liggur frá austri til vesturs á milli Miðdala og Laxárdals. Um dalinn rennur á, Haukadalsá, í stórt stöðuvatn, nefnt Haukadalsvatn, en úr því rennur áin áfram til sjávar. Haukadalur er allbreiður neðst, en þrengist þegar framur eða austar dregur.

Eiríksstaðir eru í landi Stóra-Vatnshorns, sem stendur neðarlega í norðurhlíðum dalsins um hann miðjan, um 1 km austur af bænum, við landamerkin að Skriðukoti. Bæjarlækur skilur þar á milli jarða, en sumarbústaðurinn Bergsstaðir í landi Skriðukots stendur á að giska 20 m austan við rústirnar. Rústirnar á Eiríksstöðum sjást glögglega og hafa staðið hátt undir hlíðinni, tæpum 100 m yfir sjávarmáli.

Áður stóð Eiríksstöðum hætta af landbroti Haukadalsár, en þeirri hættu hefur löngu verið afstýrt og rennur áin nú í farvegi langt frá rústunum. Þær eru auk þess afgirtar, svo að skepnur komist síður að þeim.

### 1.4 Eiríkur rauði

Í Eiríks sögu rauða og Landnámu segir að Eiríkur “bjó á Eiríksstöðum hjá Vatnshorni”. Vegna vígaferla varð hann brátt að hrökklast brott: “Þá felldu þrælur Eiríks skriðu á bæ Valþjófs á Valþjófsstöðum. Eyjólfur saur frændi hans drap þrælana hjá Skeiðsbrekkum upp frá Vatnshorni. Fyrir það vó Eiríkur Eyjólf saur. Hann vó og Hólmgöngu-Hrafn að Leikskálum. Geirsteinn og Oddur á Jörva, frændur Eyjólf, mæltu eftir hann. Þá var Eiríkur ger á brott úr Haukadale.”<sup>2</sup> Menn hafa leitt getum að því að Leifur heppi, sonur Eiríks, hafi jafnvel fæðst á Eiríksstöðum.<sup>3</sup>

### 1.5 Fyrri rannsóknir

Rannsóknir á fornleifum á Eiríksstöðum í landi Stóra-Vatnshorns í Dölum eiga sér langa sögu, en örlög Eiríks rauða, sem er sagður hafa búið þar áður en hann fann Grænland, hafa löngum vakið áhuga manna á staðnum.

Brynjúlfur Jónsson rannsakaði staðinn fyrstur fræðimanna árið 1894 og dró upp af honum lauslega mynd.<sup>4</sup> Árið eftir kom Þorsteinn Erlingsson og gróf rústirnar upp.<sup>5</sup> Daniel Bruun kannaði staðinn árið 1896.<sup>6</sup> Matthías Þórðarson þjóðminjavörður gróf síðan aftur í rústina árið 1938.<sup>7</sup> Skýrslur um þessar fyrri athuganir hafa allar áður birst á prenti, en rannsóknir Þorsteins Erlingssonar og Matthíasar Þórðarsonar á Eiríksstöðum eru báðar í ritum sem eru ef til vill ekki aðgengileg öllum almenningi. Okkur þykir því rétt að birta hér orðréttan texta þeirra um Eiríksstaði bæði til samanburðar og glöggvunar, enda er óhjákvæmilegt að skoða rannsóknina 1997 í framhaldi af fyrri rannsóknum þeirra Þorsteins og Matthíasar.

### 1.6 Ruins of the Saga Time

Þorsteinn Erlingsson birti rannsóknarniðurstöður sínar í ritinu “Ruins of the Saga Time”, bls. 52-59. Frásögn hans um Eiríksstaði er sem hér segir:

<sup>2</sup> Íslensk fornrit. I:130-131 og IV:197-198.

<sup>3</sup> Árbók ferðafélags Íslands 1997:202.

<sup>4</sup> Brynjúlfur Jónsson 1895:20.

<sup>5</sup> Þorsteinn Erlingsson 1899:52-58.

<sup>6</sup> Daniel Bruun 1987:

<sup>7</sup> Matthías Þórðarson 1964:59-64.

“Landnámabók”<sup>8</sup> says that Eiríkr rauði (Eric the Red), Leif Eiríksson’s father, built it. The date cannot be exactly ascertained, but it must have been about 970. It is not known when he left the farm to move to Breiðafjarðareyjar, but his stay in Haukadalur was not long, and probably about five years, from 970 to 975.

Haukadalur is a long, narrow valley, running east and west, surrounded on almost every side by high mountains. Toward the west the mountains are lower, and at last sink into an uneven hollow, through which a little river has found its way. Here the valley is almost closed. In the western end of this valley there is a lake four to five English miles in length. One English mile east of the parsonage of Vatnshorn stands on the north side of the valley, and about half a mile east of it, on the mountain side, is the ruin of Eiríksstaðir. Here in the grass one could descry two parallel knolly eminences, and a third one, also parallel, hardly discernible. As the ruin stands on a knoll, with a deep mire on one side and a deep brook on the other, a view of it could only be obtained from the mountain side above it, from which, however, the slight eminencies were invisible. I therefore made a rapid sketch of it (Plate XI.). Plates XII. and XIII. do not give a good idea of the ruin as it was when dug out, though I made two attempts to photograph it from an artificial eminence; but the former gives a tolerably good view of the main ruin, with a heap of black earth and gravel to the left. The surroundings are clear, with the little meandering brook, the lake, and the narrow western opening of the valley in the background. To the right the little church spire is visible.

In the ground plan (Plate XIV.), the door *a* turns south, *bb* are flat stones to step on, *c* is a fireplace, a row of stones forming an irregular angle, with an empty space in the middle. There was a line across the floor of the ruin along which the soot and cinders of the rest of the ruin were not found. It might have marked a partition wall of planks, and I have shown it by a dotted line. *e* is a daís with stones along its edge, 0.15 m. high and 0.48 broad. *ffff* are stones forming a curve, 4.63 m. long. *g* is a row of stones, 3.33 m long, being one edge of the *lang eldar*, while *ffff* was the opposite one. The clay floor between them showed such distinct traces of fire, ashes and charcoal, that doubt is not possible. *h* is a little heap of stones. *i* is a flat stepping stone, *k* a fireplace (Icel., *hlóð*) as they are found in Iceland to-day?. *llll* are stones in a row along the wall. All sizes, as before,,? given on a scale of 1/5 th inch to the metre.

Room *A* has, accordingly, been the *stofa*, and perhaps also *skáli* (bedroom), though room *B* may have been used for that, as no fireplaces are needed in such a room. *B* may also have been a larder, used to store away various utensils.


The whole house has been built of turf from the fen in the neighbourhood. Stone was only used for the bottom layer of the wall, but the row was not a continuous one.

Only the thickness of the partitions wall *m* could be ascertained, the probable thickness of the others being indicated by the dotted lines.


Room *C* (Plate XIVa.) is 42 feet from the door of the main ruin on the steep mountain side. It is about 4 m. square, and built of turf alone. No stones were to be seen, except an irregular square daís of stones (*a*), 1.88 m. in length and 1.25 m in breadth, and on an average 0.47 m. high. The stones were many of them a cubic foot in size, while some flat stones on edge, half destroyed by fire, appeared on the surface of the daís. This must have been a *baðstofa* or a bath-room (*cf.* Dr. V. Guðmundsson. l.c.). The position of the door cannot now be seen. The room seems to have been to some small degree underground. Plates XV. and XVI. are sketches of the unearthed *skáli* and bath-room respectively

---

<sup>8</sup> “Réðst Eiríkur þá norðan, ok ruddi lönd í Haukadal; hann bjó á Eiríksstöðum hjá Vatnshorni.” - “Landnámabók,” 14.



*Teikning af Eiríksstöðum úr grein Þorsteins Erlingssonar. Hún sýnir tvær samsíða tóftir og inngang við suðvesturhorn skálans.*



*Teikning af Eiríksstöðum eftir Matthías Þórðarson. Hann sá að aftari tóftin var ekki raunveruleg.*



## 1.7 Rannsóknarskýrsla Matthíasar Þórðarsonar

13. - 15.9. 1938.<sup>9</sup>

Í árbók Fornleifafélagsins 1895 bls. 20, skýrði Brynjúlfur Jónsson frá rúst hér; sagði vera hér 2 tóftir jafnlangar, 8 faðma, samliggjandi á langveginn og vegg í milli, breidd beggja saman 7 faðma, hina aftari, þ.e. nyrðri og efri, lítið eitt mjórri en hina, er hann nefndi framtóftina. Á framtóftinni kvað hann vera dyr á suðurveggnum nærri “austurgaflinum”; en hér er vafalaust ritvilla eða prentvilla og á að standa: vesturgaflinum. Aðrar dyr kvað Brynjúlfur Jónsson vera á milliveggjum skammt frá vesturgaflinum, en hvort á honum hafi verið aðrar útidyr, kvað hann eigi sjást gjörla, því að hann væri eigi glöggur.

Næsta sumar eftir að Brynjúlfur Jónsson skoðaði rúst Eiríksstaða, rannsakaði Þorsteinn Erlingsson hana með grefti, sumarið 1895, sjá bók hans, Ruins of the Saga Time, London, 1899, bls. 52-58. Þorsteinn Erlingsson kvað sjást hér 2 samhliða upphækkunar og hina þriðju, sem þó væri naumlega greinileg. Hann gróf út þá tóftina, sem Brynjúlfur Jónsson nefndi framtóft, og á uppdrætti (á bls. 56) merkir hann það, sem hann varð helst var við þar, steina 2 innan við dyrnar á suðurveggnum, eldstæði í hornunum báðum við þann vegg, og hinn þriðja eftir langelda, á miðju gólfi, stoðarsteina við báða veggi og fletþall við norðurvegg, og enn fremur merki þess, að skilveggur myndi hafa verið vestarlega í tóftinni, gerður úr timbri; fann hann þar engar leifar af gólfskán, en beggja vegna við, kolamylnu og ösku. Stærð tóftarinnar segir hann ekki með öðru móti en því, að hann getur þess, að 1/5 af þumlungi, sennilega enskum (inch) í myndinni, (uppdráttur á bls. 56) samsvari 1 m í tóftinni. “Afturtóftina”, er Brynjúlfur nefndi svo, setur Þorsteinn Erlingsson jafnframt á uppdrátt sinn, jafnstóra “framtóftinni”, og hefir dyr á millivegg, vestast, þar sem Brynjúlfur Jónsson segir þær vera. Hann tilgreinir ekkert svo sem fundið í “afturtóftinni”, gefur í skyn, að þar hafi ekki verið eldstæði, segir, að hún kunnir því að vera eftir svefnskála, en kunnir einnig að hafa verið geymsluhús.

Ég kom hingað síðdegis (um kl. 5) frá Reykjavík (þaðan kl. 7 árdegis) 13. IX. 1938 og skoðaði þessa rúst; bar saman skýrslur þeirra Brynjúlfs Jónssonar og Þorsteins Erlingssonar, hvora við aðra og báðar við veruleikann, rústina sjálfa. Enn fremur bar ég saman við þetta skýrslu Daníels Bruuns, í bók hans Fortidsminder og Nutidshjem paa Island, Köbenhavn, 1928, bls. 136-138. Hann skoðaði rústina næsta sumar eftir að Þorsteinn Erlingsson hafði rannsakað hana. Skýrsla hans er útdráttur úr skýrslu Þorsteins, og hefur Bruun ekki neinu öðru við að bæta en því að hann hafi fundið vestan við hana tóft, er sneri upp og ofan í brekkunni, með dyr á suðurenda, en taldi þó vafasamt að hún væri jafngömul rústinni. - Ekki virðist mér líklegt að hér hafi verið tóft né hús; að vísu eru hér 5 kollóttar smáþúfur í röð upp og ofan og hin sjötta vestan við hina efstu eða nyrstu, og sjöunda og áttunda þar sem Bruun hefur álitnið vera vesturhornin eða endana á vesturveggnum, en milli þeirra er alveg slétt, en enginn vottur eftir vegg, og smáþúfurnar að norðanverðu eru báðar svo lítilfjörlegar, að þær geta ekki talist neindir vottar um, að þar hafi verið neindir gafflveggur. Beggja vegna við, og raunar umhverfis á alla vegu, er hér fremur blautt og mýrkennt.

Mér mældist “framtóftin” vera 12 m að lengd og um 4,25 m að breidd að innanmáli, en á ystu veggjaleifar um 16 m að lengd og um 8,25 m að breidd.-

Ljósmyndir tók ég af útsýninu frá rústinni.

14. IX. Fékk mann til aðstoðar við rannsókn rústarinnar með grefti, Magnús Rögnvaldsson frá Búðardal. Hreinsaði ég nú grassvörð allan er myndast hafði í “framtóftinni” síðan 1895; var hann um 5 - 10 sm þykkt víðast hvar; um 25 sm í suðausturhorni og við norðurvegg vestast, austan við þær dyr er Brynjúlfur Jónsson og Þorsteinn Erlingsson ætluðu þar hafa verið. Þar sem hann segir og sýnir hafa verið steina 2 innan við dyrnar á suðurveggnum, var nú aðeins 1 stein að finna, og sást hann upp úr grasinu, en utan við hann var nú djúp hola. Hefir hinn steinninn líklega verið þar, en verið tekinn upp, ef til vill af símalagningar-mönnum til að skorða með símastaur, sem er um 12,50 m fyrir vestan rústina. - Þar sem hann segir og sýnir hlóð í suðausturhorninu, var nú 1 steinn, all-stór, og ösku- og kolaleifar, en ekki greinileg hlóð.

Grjótdreif var þar, er Þorsteinn Erlingsson sýnir steinaröð sunnan við langeldstæðið, og 1 steinn all-stór var norðan við það, og sömuleiðis setþallurinn fram með norðurveggnum, og var jarðvegurinn nú ekki tekinn af honum. Stoðarsteinarnir komu ekki allir greinilega í ljós; en um allt gólfið var hröngl af smáum blágrýtissteinum, molum úr stærri steinum, ef til vill, hér í tóftinni, er sprungið hafa sundur síðan 1895.

<sup>9</sup> Matthías Þórðarson 1964:59-64.

Kolamylsnu og ösku varð víða vart í gólfinu, þar sem ég veitti því nákvæmlega athygli, en þó einkum þar sem Þorsteinn Erlingsson fann eldstæðin þrjú.

Þennan dag tók ég einnig nokkrar ljósmyndir. - Enn fremur athugaði ég hin miklu landbrot, er Haukadalsá gerir nú hin síðustu ár hér framundan þessari rúst. eru nú frá henni og fram á árbakkann, síðasta brotsárið, aðeins 55 m. - Síðastliðin ár hefir bakkinn sprungið hér á löngu svæði, þar sem áin hefur verið búin að grafa undan honum, og hefur hann fallið niður og myndazt víð sprunga í jörðina. Er allt útlit fyrir, að áin haldi áfram að brjóta hér landið, hlíðina, sem rústin er í, nema að verði unnið til varnar. - Áður féll áin sunnar, og er þar nú rás, sem þveráin innan við Saurstaði fellur í, en í milli er breiður, grasi vaxinn hólmur. Þar sem Haukadalsá skellur á honum innanverðum, þyrfti að veita henni í gegnum hann; þyrfti til þess 175 m langan skurð. Hólminn er nú 1,75 m hár upp frá vatninu; myndi þurfa að grafa í hann 2.25 m djúpan skurð fyrir ána, sennilega um 10 m víðan. Jarðvegur er um ½ m á hólmanum, efst, að sjá, en að öðru leyti er hann myndaður af ármöl.

15. IX. Rannsaði “afturtóftina” svonefndu. Það sást enn allgreinilega, hvar Þorsteinn Erlingsson hafði grafið í hana, nefnilega vestast, nokkuð út í “vesturgafli”, er hann áleit vera, og í gegnum “norðurvegg”, er hann dregur einnig upp, og enn fremur og þó ekki eins djúpt, fram með “milliveggnum” vestast, nær austurundir miðju; enn fremur sérstaka gröf allmiklu norðar í gegnum “norðurvegginn”. - Nú tók ég grasrót af þar innan við er Þorsteinn Erlingsson ætlar að verið hafi austurgafllinn, á 2 x ½ m breiðu svæði, og um 1 x ½ m vestur frá þeirri gryfju. Varð þar hvarvetna fyrir, um 10 - 20 sm frá yfirborði, urð ein, bæði með allstórum steini norðan við miðju, nokkru smærri steinum syðst og miklu af stórgerðri og smágerðri mól, og jafnframt var mold innan um grjótið, svo sem hún eðlilega hefði runnið fram með skriðu. Því næst var jarðvegur allur tekinn ofan af austan til við miðja tóftina, 6 - 10 m frá “vesturgafli”, um 2 m að breidd. Var þar víðasthvar um 20 sm að skriðugrjóttinu. Síðan var það brotið upp á svæðinu frá 6,10-40 - 7,70-90, og um 2,25 m að lengd frá norðri til suðurs, en röskur 1 m (1,10 m) að dýpt, gerð svo djúp gryfja til að rannsaka hvort skriðugrjótið kynni að hafa runnið hér inn í tóft, yfir gólfskán í henni. Skriðugrjótið reyndist að vera um 60 sm. Undir því var ca. 2 sm þykkt dökkt gróðurlag, en þar fyrir neðan moldarlag, um 20 sm þykkt, þá um 2 sm dökkrautt lag, leirkennt, og loks undir því bleikgrátt leirlag um 20 sm þykkt. Nú var gerð prófgryfja um 40 x 60 sm að vídd og niður í gegnum leirlagið; varð þá fyrir skriðugrjótslag aftur um 15 sm að þykkt; þá tók við annað svipað leirlag, og var enn grafið um 15 sm ofan í það. Allt var þetta sýnilega óhreyfð jörð; skriðugrjótslagið var að sönnu blandað gróðrarmold; svo eru jafnan slíkar aurskriður, er runnið hafa ofan gróðurmiklar hlíðar sem þá, er hér er uppi yfir. - Gólfskánar varð engrar vart, né heldur kolamylsnu eða ösku eða neins þess, sem bar vott um mannavistir í húsi hér. Álít ég, að hér sé ekki um neina tóftarrúst að ræða, heldur hafi hin tóftin verið ein og stök, eina bæjarhúsið, skáli sem Eiríkur hafi reist hér og búið í um sína tíð hér í Haukadal.

Skammt sunnan við rústina er smátóft, sem Þorsteinn Erlingsson rannsakaði einnig, og Daniel Bruun gat einnig um. Þorsteinn Erlingsson áleit þarna hafa verið baðhús. Daniel Bruun var á sömu skoðun; þótti þó eins líklegt að þarna hefði verið smiðja. Ég álít líklegra að þarna hafi verið soðhús, er kunni einnig að hafa verið haft til að reykja í mat. - Smátóftir suðaustar, í horni milli lækjarins og eyrarinnar eða flatlendisins neðanundir hlíðinni, álít ég, að kunni að vera eftir fjós, svo sem Brynjúlfur Jónsson hélt, eða önnur peningshús. - Engar þessar smátóftir rannsakaði ég.

Að lokinni rannsókn skálatóftarinnar fékk ég Axel Helgason frá Reykjavík til að athuga hana og gera upprátt af henni til þess að gera af henni eftirlíking úr leir eða líku efni.

Nokkrar ljósmyndir tók ég einnig þennan dag.

Að síðustu fól ég Magnúsi að þekja rústina aftur, fylla gryfjuna og ganga sem best frá öllu aftur næsta dag, en þann dag fór ég aftur áleiðis til Reykjavíkur.”

Brynjúlfur, Þorsteinn og Daniel Bruun töldu allir að á Eiríksstöðum hefðu verið tvö samsíða íveruhús með sameiginlegum vegg í miðju. Þá getur Daniel Bruun um tóft nálægt 20 skrefum fyrir framan bæjartóftirnar. Enn fremur segist hann hafa fundið litla tóft 8 skrefum vestur af bæjartóftunum, sem liggja frá norðri til suðurs og gengið sé inn í

að sunnanverðu. Neðar í hlíðinni, nær dalbotninum, segir hann vera rústir af fjárhúsum, sem sennilega séu yngri að árum.<sup>10</sup>

Rannsókn Matthíasar leiddi í ljós að ekki væri um að ræða tvær jafnlangar samhliða tættur, en af því að hann fór ekki ofan í uppgröft Þorsteins er ekki hægt að útiloka að lítið bakhús hafi verið norðan við norðvesturenda rústarinnar.

Uppdráttur Þorsteins af eldstæðum og bekkjum í húsinu er afar einkennilegur og virðist engan veginn fá staðist. Það sem hann telur vera norðurbrún eldstæðis (ffff),



*Horft til suðurs yfir rústir Eiríksstaða fyrir rannsókn 1997. Ljós. GÓ.*

markar sennilega frambrún sets. Mjói bekkurinn sem merktur er *e* á teikningu hans markar líklega ytri veggjarbrún.

Fleiri atriði orka tvímælis, eins og eldstæðin *k* og *c*, en þar eð þau svæði voru ekki rannsökuð 1997 verður ekki farið nánar í þau að sinni.

## 2. RANNSÓKN 1997

Þann 21. júlí héldu skýrsluhöfundar, Ragnheiður Traustadóttir og Guðmundur Ólafsson, að Eiríksstöðum í Haukadal til að gera könnunarrannsókn á rústinni þar. Stóð rannsóknin yfir til 1. ágúst. Við rannsóknina var rist ofan af 3,2 m breiðu og 5,5 m löngu svæði í miðri rúst. Auk þess var sniðskurður framlengdur til norðurs og suðurs, út fyrir vegg rústarinnar, þannig að lengd skurðarins er alls 9,5 m. Uppgraftarsvæðið er því samtals rúmír 24 m<sup>2</sup>.

Allt svæðið var jafnframt yfirborðsmælt með alstöð og kortlagt. Gerðar voru 8 flatarteikningar, 2 sniðteikningar og 1 yfirboðsskissa með hnitapunktum. Í fundaskrá voru skráðir 20 fundir og sýni. Tekið var á sex 35 mm ljósmyndafilmur, alls um 150 myndir í lit, svart/hvítar og litskyggjur á meðan rannsókn stóð.

Rannsóknin fór fram við bestu veðurskilyrði. Sólin skein flesta daga og mjög hlýtt var í veðri. Síðasta dag rannsóknarinnar, þegar verið var að vinna við frágang og síðustu yfirborðsmælingar svæðisins, kom hins vegar ausandi rigning. Rigningin varð til

<sup>10</sup> Daniel Bruun 1987:219.

Þess að ekki var mælt upp allt það svæði sunnan og vestan girðingar sem fyrirhugað var að mæla.

## 2.1 Hnitakerfi

Í upphafi rannsóknar var byrjað á því að að koma upp staðbundnu hnitakerfi yfir Eiríksstaði og til þess var notuð alstöð. Grunnpunktur, þar sem alstöðin var sett niður, var nefndur **X-200/Y500** og hæð tækis var sett á 100 m.y.s. Hnitakerfið er sett upp sem næst höfuðáttum samkvæmt segulstefnu áttavita. Gildi hækka frá grunnpunkti: **X** til suðurs og **Y** til vesturs. Við jaðra svæðisins voru settir niður þrjú fastir útmiðunarpunktar, þar sem rekin voru niður 1m löng járnör þannig að aðeins 2 - 3 cm standa uppúr. Rörin eru máluð appelsínugul svo auðvelt sé að finna þau aftur.

*Grunnpunktur: X-200/Y-500.* Staðsetning alstöðvar í norðausturhorni svæðisins

*Hnitapunktur 1. X-210/Y-500.* Punkturinn er í brekkunni suður af grunnpunkti.

*Punktur nr 2. X-210/Y-520.* Punkturinn er inni í rústinni.

*Punktur 3.* Fastur útmiðunarpunktur við NV-horn afgirta reitsins umhverfis Eiríksstaði. Hann hefur hnitin: **X-193,89/Y537,80, h: 98,07.**

*Punktur 4.* Fastur útmiðunarpunktur ofarlega við sumarbústaðargirðinguna í brekkunni norðan við rústina. Hnitin eru: **X-186,87/Y495.46, h: 102,48.**

*Punktur nr. 5.* Fastur útmiðunarpunktur austan við hornstaurinn í SA-horni afgirta reitsins. Hnitin eru **X-245,33/Y-495,35, h: 91,29.** Einnig voru settir út tveir tréhælar í hnitakerfinu. Annar er hnitapunktur 1 X210/Y500 á grunnlínu til suðurs. Hinn er punktur 2 á X210/Y520 inni í rústinni. Tréhæll er einnig á grunnpunkti.

## 2.2 Sniðlína yfir skála og jarðhús.

Uppgröftur hófst með því að sett var upp sniðlína yfir þvera rústina nálægt miðju. Sniðlínan var framlengd til suðurs svo að hún náði líka yfir litla rúst sem er nokkru neðar í brekkunni. Þorsteinn Erlingsson gróf þá rúst upp og nefndi baðstofa, en Matthías Þóraðarson áleit líklegra að væri soðhús eða reykhus.<sup>11</sup> Litla rústin virðist vera niðurgrafin að hluta og um 2x2 m að ummáli. Hugsanlega er um jarðhús að ræða og þyrfti að kanna hana betur síðar.

## 2.3 Uppgraftarsvæði

Uppgraftarsvæði var valið inni í miðri rústinni vestan megin við sniðlínu í þeim tilgangi að rannsaka ætlaðan langeld. Mjög grunnt er þar niður á minjarnar. Efstu steinar í gólfi og eldstæði reyndust aðeins vera um 10 cm undir grasrótinni sem myndast hefur frá því að fyrri rannsóknir fóru fram. Stærstu steinarnir sem þar komu í ljós eru greinilega þeir sömu og sýndir eru á teikningu Þorsteins Erlingssonar, þó að sumir þeirra virðist hafa klotnað niður í smærri hluta.

## 2.4 Yfirborðsmæling á svæðinu

Yfirborð svæðisins umhverfis rústina var hæðarmælt með alstöðinni og voru fyrst tekin mál við alla girðingarstaurana sem afmarka svæðið. Lagt var út málband og yfirborðspunktar teknir með 5 m millibili frá hverjum staur í norðurhlið girðingarinnar ofan við rústina. Vesturhorn sumarbústaðarins Bergsstaða var mælt inn til að fá afstöðuna við Eiríksstaði

Einnig var yfirborðið mælt á 1 m millibili í framhaldi af sniðinu til suðurs, niður brekkuna og yfir jarðhúsið.

---

<sup>11</sup> Þorsteinn Erlingsson 1899:57-59, Matthías Þóraðarson 1964:64.





*Horft til vesturs yfir uppgraftarsvæðið. Langeldurinn er steinahrúgan vinstra megin við miðju, Steinaröðin til hægri markar innri veggjabrún og stóri steinninn lengst til hægri markar ytri veggjabrún. Lengst til vinstri sést í steina sem marka innri veggjabrún suðurveggjar. Ljós. G.Ó.*

Litla lækjarsprænan, sem virðist koma sem upprettá austan við rústina, var mæld inn. Það eru punktar nr. 337 - 346. Síðan var brúin sem afmarkar *mýrina* mæld inn. Það eru punktar 347 - 360. *Jarðhúsið* var einnig mælt sérstaklega. Það eru punktar nr. 361 - 377.

Samtals voru skráðir um 500 mælipunktar og meðfylgjandi yfirlitskort með hæðarlínum af svæðinu byggist á niðurstöðum þessara mælinga.

Þessir mælipunktar voru einnig notaðir í sambandi við landslagsskipulag af svæðinu.

## **2.5 Tóftin**

Yfirborð tóftarinnar var mælt upp með alstöð. Teknir voru 108 hnitapunktar með innbrún veggja, útveggjum og í láginni á bak við skálann, til þess að fá sem besta mynd af yfirborðinu eins og það var fyrir rannsókn. Að innanmáli reyndist rústin vera 12,2 m löng og um 4 m breið. Þykkt norðurveggjar samkvæmt yfirborðsmælingu er 1 - 1,6 m. Innbrún hans er um 1 m á hæð en ytri veggjabrún er aðeins um 20 cm hærri en yfirborðið utan við tóftina. Þykkt suðurveggjar er um 1,2 m og halli frá ytri veggjabrún niður að neðri brún er 1,6 m að breidd.

Inngangur er á suðurhlið um 1 m frá innanverðum vesturgafli. Hann er 60 cm breiður neðst en er nokkru breiðari efst.

Norðan við húsið er 2,8 m breið og allt að 20 cm djúp dæld sem afmarkast af lágri þúfnaröð að norðanverðu. Vestasti hluti hennar er mun dýpri, um 5 x 2,6 m að innanmáli og hefur væntanlega verið grafinn upp af Þorsteini Erlingssyni. Af yfirborði að dæma virtist vera inngangur inn í þetta bakhús úr norðvesturhorni tóftarinnar.

Útlínur skurðar, sem Matthías Þórðarson hafði grafið norðan rústarinnar, fundust og voru mældar inn. Matthías hefur grafið skurðinn rétt austan við uppgröft Þorsteins og lendir þar í skriðugrjóti. Hann hefur því rétt fyrir sér þegar hann heldur því fram að

aðeins sé um eina rúst að ræða en ekki tvær samsíða. Hann gróf hins vegar ekki í vestasta hlutann þar sem Þorsteinn var búinn að grafa. Það er því ekki hægt að útiloka að báðir hafi rétt fyrir sér, og að lítið bakhús hafi verið við norðvesturenda hússins, þó að það hafi ekki legið samsíða allri rústinni, eins og allar gamlar teikningar sýna.

### 2.5.1 Eldstæði

Fyrir miðju uppgraftarsvæðinu er eldstæði hússins. Aðeins var hreinsað ofan af eldstæðinu og það ekki grafið upp að fullu. Þess vegna og einnig vegna smæðar uppgraftarsvæðis er ekki, með fullri vissu, hægt að segja til um umfang eldstæðisins og gerð. Þó má fullyrða að þetta sé svonefndur langeldur. Hann er að er að minnsta kosti um 1,2 m að lengd og um 0,6 m breiður. Tíu til tólf flatar hellur eru í eldstæðinu. Flestar hafa sprungið og brotnað í þynnri og smærri flögur en stærstu hellurnar eru allt að 0,5m langar og 0,3 - 0,4m breiðar. Jarðvegurinn í eldstæðinu er blandaður sóti, viðarkolaösku og einstaka brotum af brenndum beinum og er mun dekkri en moldin umhverfis.

Eldstæðið virðist ekki vera alveg fyrir miðju húsi. Það er um 4,8 m frá austurgafli og sennilega um 5,6 m frá vesturgafli. Hugsanlega hefur það náð aðeins lengra til vesturs en hér er gert ráð fyrir. Úr því verður ekki skorið nema að rannsóknarsvæðið verði stækkað og frekari könnun gerð.

### 2.5.2 Gólf

Gólfið í húsinu var að mestu horfið á rannsóknarsvæðinu. Það hefur verið grafið upp og fjarlægð við rannsóknir Þorsteins Erlingssonar og Matthíasar Þórðarsonar. Þess vegna var nú enga eiginlega gólfskán að finna umhverfis eldstæðið. Í stað gólfskánar var aðeins fíngerð moldarblendin mól úr forsögulegu ísaldarlagi. Gólfskánin úr húsinu hefur lent í uppmokstri ofan á og út fyrir veggj tóftarinnar.

Við sniðið norðaustan við eldstæðið kom í ljós dálítill hola sem var full af sóti og viðarkolum. Hugsanlega er þetta *stoðarhola* sem hefur verið framan við set í húsinu. Án frekari rannsóknar er því miður ógerlegt að sjá hvort þessi hola hefur tilheyrt húsinu eða hvort hún hefur verið grafin við fyrri rannsóknir.

Frá innbrún veggja eru um 1,6m að eldstæðinu. Um gólfið er lítið meira hægt að segja á þessu stigi annað en að sitt hvoru megin við eldstæðið hafi það verið um 0,7m breitt og að svo virðist sem það hafi upphaflega verið grafið niður um 0,10 - 0,15 m.

### 2.5.3 Set

Set hafa verið meðfram báðum veggjum. Þau hafa eins og gólfskánin að mestu verið grafin burt við fyrri rannsóknir en með því að leggja saman ýmsar smálegar vísbendingar, sem þrátt fyrir allt var hægt að greina, er hægt að leiða líkum að því að setin hafi verið milli 0,8 - 1,0 m breið. Sennilegast er að breidd þeirra hafi verið um 0,9 m. Þessi ályktun er einkum dregin af túlkun á sniðteikningu og misstórum steinum sem eru í óreglulegri röð milli veggjar og eldstæðis.

Á gólfi og bekkjum var allmikið um smásteina á víð og dreif, allt frá 1-2 cm í þvermál upp í 10 - 15 cm þeir stærstu. Margir þessara steina virtust ekki heyra rústinni beint til. Okkur finnst líklegt að þarna séu leifar aurskriðu sem fallið hefur ofan úr hlíðinni og farið yfir rústina. Stærsti hluti skriðunnar hefur líklega fyllt svæðið ofan við norðurvegginn og stöðvast þar en nokkur hluti hennar hefur runnið yfir vegginn, inn í rústina og upp að syðri veggnum. Mestum hluta skriðugrjótsins hefur verið rutt burt við fyrri rannsóknir, eins og öðru innan í rústinni, en rétt innan við suðurhlíð hússins er hrúga af smásteinum sem er um 0,30 - 0,5 m breið og virðist ekki hafa verið raskað við fyrri uppgrefti. Við fyrri rannsóknir hafa þessir smásteinar víðast verið fjarlægðir innan úr rústinni, en þó er enn hægt að sjá leifar af slíkum smásteinum á víð og dreif í gólfinu.

Þetta bendir til þess að þegar stungið var út úr rústinni á sínum tíma var ekki grafið alveg út að suðurvegg. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar niðurstöður Þorsteins Erlingssonar eru skoðaðar, vegna þess að þetta atriði hefur sennilega orðið til þess að hann misskildi innbyrðis afstöðu veggja og eldstæðis.

#### **2.5.4 Norðurveggur**

Þegar búið var að hreinsa vel ofan af uppgraftarsvæðinu kom í ljós einföld steinaröð sem markar að öllum líkindum innri brún norðurveggjarins. Hún er um 1,6 m frá eldstæðinu. Önnur slitrótt steinaröð um 0,9 m sunnar virðist marka brún setsins.

Í norðurvegg hússins er stór steinn sem virðist hafa verið notaður í ytri brún veggjahleðslunnar. Austast ofan í stóra steininn er hola um 10 cm djúp og 5 cm í þvermál. Hún er líklega náttúruleg, fremur en högvín, en tekin voru hæð og hnit í henni miðri. Ef stóri steinninn markar ytri veggjarbrún hafa veggirnir verið um 1,5 m breiðir.

Annars er erfitt að gera sér fulla grein fyrir legu norðurveggjarins vegna skriðunnar sem á honum hefur lent og sennilega fært hann úr stað. Veggurinn virðist horfinn að mestu, en yfir óhreyfða laginu er mannvistarlag með viðarkolaögnum. Þar eru reyndar einnig torfusneplar sem gætu verið úr veggnum, en gætu einnig verið rask frá fyrri rannsóknum. Ofan á þessum lögum er blandað malar og moldarlag sem er sennilega jarðvegsþykknun og uppmokstur sem bæst hefur ofan á veggina við fyrri rannsóknir.

Við norðurvegginn sunnanundir stóra steininum kom brunninn spýta í ljós sem tekin var sem kolasýni.

#### **2.5.5 Suðurveggur**

Tekinn var sniðskurður í gegnum vegginn. Þegar grafið hafði verið nokkuð inn í vegginn komu nokkrir allstórir steinar í ljós. Þeir eru frá 0,3 - 0,55 m í þvermál og bilið á milli þeirra er um 0,8 - 1 m. Þessir steinar hafa sennilega markað hina upphaflegu innri veggjarbrún hússins. Þetta styður þá tilgátu að hvorki Þorsteinn Erlingsson né Matthías Þórðarson hafi grafið út að innri veggjarbrún sem ætti þar með að vera allt að 0,5 m sunnar en sýnileg innbrún.

Ofan á steinunum sem mynda innri veggjarbrún upp á núverandi yfirborð eru um 0,5 - 0,6 m þykk jarðvegslög. Rétt yfir steinunum virðist vera um 12 - 15 cm dökkbrúnt lag sem gæti verið hluti af gamla veggnum. Þar ofan á er malarlag, allt að 12 - 13 cm þykkt og hugsanlega er það skriðulagið sem náð hefur upp á vegginn. Yfir því er brúnt moldarlag 10 - 15 cm þykkt og þar ofan á kemur aftur 10 - 15 cm þykkt moldarblandið malarlag undir grasrótinni. Sennilega er það uppmokstur innan úr rústinni sem hent hefur verið upp á vegginn.

Inn í suðurveggnum miðjum sitja nokkrir steinar. Ekki var unnt að átta sig á hvaða hlutverki þeir hafa þjónað þarna inni í veggnum. Ólíklegt er að þeir tilheyri hinni eiginlegu veggjahleðslu. Ef til vill hefur farið fram viðgerð á veggnum eða hann verið endurhlaðinn skömmu eftir að hann var reistur. Einnig er hugsanlegt að þarna hafi verið inngangur í tóftina. Syðst og neðst í sniðskurðinum er torfhleðsla sem markar ytri veggjarbrún. Hún er úr ljósum og dökkum torfum, gráleit, grábrún, brún og rauðbrún. Þetta virðast vera hnausar sem eru allt að 6 - 7 cm þykkir. Lengd hnausanna sést ekki í þessu litla sniði. Um 0,75 m eru niður á þessa torfhleðslu frá yfirborði.

Ytri veggjarbrún virðist vera örlítið bogadregin og ef stóru steinarnir við innri veggjarbrún tilheyra sama vegg er veggurinn um 1,5 m breiður.

Það vekur nokkra furðu að ytri veggjarbrún virðist vera mun lægri en innri veggjarbrún. Ytri veggjarbrún er í 94,95 m hæð yfir sjávarmáli en innri veggjarbrún er í um 95,50 m hæð. Munurinn er rúmlega 0,5 m og virðist hallinn hafa verið jafnaður með því að hlaða undirstöðu úr torfi og grjóti. Þar eru þrjár raðir af steinum hver upp af

annarri og er torf á milli. Sú hleðsla er nú um 30 cm há. Þar fyrir ofan er nú um 18 cm há torfhleðsla.

### **2.3 Mannvistarlag sunnan við skála**

Utan og sunnan við suðurvegg skálans er gráleitt mannvistarlag með litlum viðarkolaögnum (Nr.9). Það er allt að 8 cm þykkt. Þetta virðist vera mannvistarlag sem tilheyrir hefur elsta byggingarskeiði hússins. Þykkt lagsins bendir til þess að búið hafi verið á Eiríksstöðum um nokkurn tíma. Náðist að safna saman nokkrum litlum viðarkolamolum til sýnatöku fyrir kolefnisgreiningu. Einnig voru tekin sýni úr þessu lagi til plöntu- og skordýraragreininga. Í mannvistarlaginu voru nokkrar flatar hellur, en þær lágu ekki svo þétt að hægt væri að tala um eiginlega hellulögn. Ekki er þó óhugsandi að hlað hafi verið fyrir framan inngang hússins.

Undir mannvistarlaginu virðist vera óhreyfð ljósbrún mold, um 3 - 4 cm þykk. Þar undir er malarblendin mold. Niður á óhreyfða lagið eru um 0,5 m frá núverandi yfirborði.

### **2.4 Skriðufall**

Í sniðinu sem grafið var út fyrir norðurhlið tóftarinnar kom í ljós að upp við vegginn og ofan á honum er malarhrúga. Hún virðist vera úr aurskriðuhlaupi, sem runnið hefur úr hlíðinni fyrir ofan tóftina, og lent bæði á tóftinni og austan við hana. Þó að skriðan virðist ekki hafa verið mjög stór eða kröftug er hugsanlegt að hún hafi ýtt norðurveggnum örlítið úr stað inn í tóftina, þegar hún skall á honum.

Skriðan er aurskriða sem samanstendur að mestu af smámöl sem blönduð er mold, jarðvegshnausum og steinum, allt að 30 cm í þvermál. Margir stórir steinar hafa lagst upp að norðurveggnum ofanverðum þar sem skriðulagið er að minnsta kosti 0,6 m þykkt. Skriðan virðist að hluta einnig hafa runnið inn í tóftina eins og smásteinarnir innan við suðurhliðina benda til, en ekki er með vissu hægt að segja til um hvort skriðan er sýnileg ofan á suðurveggnum.

Það er einkennilegt að Þorsteinn Erlingsson minnst ekkert á skriðuna þó að hann hafi mokað innan úr rústinni og gegnum gólfið. Svo er að sjá sem hann hafi ekki gert sér grein fyrir tilvist hennar. Matthías Þórðarson var fyrstur til að finna skriðuna og vekja athygli á henni þegar hann gróf í hana norðan við tóftina.

Enn er ekki hægt að segja hvenær skriðan féll, en sennilega hefur hún fallið skömmu eftir að rústin var yfirgefin.

Hugsanlega hafa mól og smásteinar úr skriðunni lent aftur í gólfinu þegar Magnús Rögnvaldsson gekk frá rústinni fyrir Matthías Þórðarson á sínum tíma.

### **2.5 Þversnið**

Eftirfarandi upptalning er lýsing á hverju einstöku lagi í sniðinu sem tekið var þvert í gegnum rústina og mælt upp (sbr. teikningu aftast í skýrslu). Lýsing á jarðlögum hefst við norðurvegginn:



### 2.5.1 Lýsing á sniði

- Lag 1. *Grasrót.* Grasrótarlagið er allt að 10 - 15 cm þykkt. Lagið er brúnt, laust í sér og með miklum rótum. Neðst í laginu og aðeins upp í það eru smásteinar sem eru frá 1 - 5 cm að stærð. Sennilega koma þeir úr gamla uppmoksturslaginu.
- Lag 2. *Uppmoksturslag,* brúnt og ljósbrúnt að lit, blandað mold og mül og torfusneplum. Lagið er undir grasrótinni og ofan á veggjunum og aðeins inni í tóftinni. Það er allt að 40 cm þykkt. Í laginu eru allt að 8 - 10 cm stórir steinar á víð og dreif, sem dreifast óreglulega um lagið. Agnir af viðarkolum og brenndum beinum koma fyrir í laginu innan við norðurvegginn.
- Lag 3. *Grasrót* undir uppmoksturslaginu. Þetta er allslitrótt moldarlag og sýnir sennilega yfirborðið árið 1895 þegar tóftin var grafinn upp í fyrsta sinn. Lagið er dökkbrúnt og allt að 3 cm þykkt.
- Lag 4. *Foklag?* Lagið er ljósbrúnt moldarlag en í því virðast einnig vera brúnir flekkir. Smásteinar eru hér og þar, einkum neðst. Þetta er sennilega náttúrulegt gróður- eða foklag.
- Lag 5. *Grasrót eða gróðurlag.* Dökkbrún gróðurmold. Sennilega er þetta gamalt yfirborðslag, 1 - 2 cm þykkt. Þetta lag hefur myndast ofan á skriðu og undir foklagi.
- Lag 6. *Skriða.* Aurskriða, sem hefur fallið ofan úr fjallinu og lagst upp að húsinu. Í henni er brún mold, nokkuð laus í sér, blönduð mül og grjóti. Stærstu steinarnir eru allt að 30 x 15 cm stórir. Skriðan hefur fallið á norðurhlið hússins og hugsanlega hefur hún rofið vegginn að hluta og ýtt honum aðeins inn. Skriðan kemur aftur fram inni í tóftinni rétt innan við suðurhliðina en virðist að öðru leyti hafa verið mokað burt innan úr tóftinni.
- Lag 7. *Mannvistarlag.* Feitkennt, dökkbrúnt mannvistarlag. Ekki er alveg ljóst hvers konar lag þetta hefur verið. Efst í laginu eru steinar og mül eins og skriða hafi fallið yfir það en einnig er hugsanlegt að þetta séu leifar af gamalli gólfskán sem hefur verið mokað upp úr skálanum. Ekkert fannst í þessu lagi og fæst ekki úr því skorið núna um hvers konar lag er að ræða.
- Lag 8. *Torfveggur.* Þetta er sennilega hluti af norðurhlið hússins sem hefur hnikast til og virðist halla inn í tóftina, hugsanlega vegna álags sem skriðan hefur valdið á veggnum. Lagið er aðallega brún mold sem erfitt er að sjá greinileg skil í, en þó má sjá móta fyrir dökkum og ljósum strípum í veggnum, sem eru sennilega leifar af torfum og bendir það til að veggurinn hallist aðeins inn.
- Lag 9. *Mannvistarlag,* um 6 - 8 cm þykkt, sunnan við suðurhlið skálans. Í því eru viðarkolaagnir, sót og brennd bein. Fyrri rannsóknir hafa ekki hróflað við þessu lagi. Viðarkolasýni efst úr þessu lagi var sent í. Sú aldursgreining (860-980) gefur hugmynd um hvenær bærinn var í notkun. Jarðvegssýni úr laginu var sent í frægreiningu og sigtað (sjá viðauka II). Lagið virðist liggja inn undir vegginn sem bendir til þess að syðri hluti veggjarins a.m.k. sé ekki frá upphafi byggðar á þessum stað.
- Lag 10. *Yfirborð við upphaf byggðar á staðnum.* Nyrst í sniðinu er gróðurlag sem sennilega hefur verið yfirborðslag þegar búseta hófst á staðnum. Það er 2 - 3 cm þykkt, dökkbrúnt að lit og næstum svart á köflum. Sums staðar er það blandað grárrí mold. Í þessu lagi koma fram viðarkolaagnir norðan við suðurvegginn, en ekki við norðurvegginn. Þetta mannvistarlag er mjög greinilegt.
- Lag 11. *Torfveggur.* Suðurhlið skálans. Veggurinn er að mestu hlaðinn úr strengjatorfi sem rist hefur verið úr úr gömlu forsögulegu jarðlögum. Á stöku stað má sjá landnámsgjós-kubletti í torfinu í þessum vegg, Hann er tæplega 40 cm hár. Athygli vekur að undirstöðusteinarnir undir ytri veggjabrún eru afar litlir. Það

eru 2 - 3 raðir af steinum hver upp af annarri. Flestir steinarnir eru aðeins um 15 cm í þvermál og sá stærsti er um 25 cm langur og 12 cm breiður. Þessi veggjarbrún er alveg heil og við henni virðist ekki hafa verið hróflað eftir að hún var hlaðin. Steinar sem eru inn í miðjum vegg benda hins vegar til þess að þar sé e.t.v. rask sem megi annað hvort rekja til viðgerðar á veggnum eða hugsanlegra hleðsluleifa sem tilheyri öðru byggingarskeiði. Steinaröðin sem markar innri veggjarbrún er ekki alveg samfelld.

- Lag 12. *Hola.* Við meinta frambrún sets er hola eða rás, sem er full af steinum, viðarkolum og sóti. Talið var hugsanlegt að holan væri hluti af stærri heild, e.t.v. röð af stoðarholum, sem væri að byrja að koma í ljós. Frekari könnun á henni var því látin bíða umfangsmeiri rannsóknar síðar meir, þar sem hægt verður að skoða hana í stærra samhengi. Norðan við holuna hefur við fyrri rannsóknir verið grafið niður á lag 18 og það svo fyllt upp með uppmokstri og grjóti og þar í eru líka hnausar sem lent hafa upp á kant.
- Lag 13. *Setlag.* Ljósbrúnt moldarlag blandað fínni mól. Það er víðast 5 - 6 cm þykkt en verður mest allt að 8 cm þykkt. Sennilega er annað hvort um að ræða forsögulegt skriðulag eða setlag eins og lag 18. Lag 13 og lag 14 sjást undir norðurvegg og rétt innan við suðurvegg, en hafa að öðru leyti algerlega verið grafin burt innan úr tóftinni. Ef af frekari rannsókn verður á staðnum er nauðsynlegt að láta jarðfræðing greina jarðlögin til að átta sig betur á forsögu staðarins, og skera úr um hvort um skriðulög eða setlög er að ræða undir bænum..
- Lag 14. *Gróðurlag.* Um 6 cm þykkt tvílagt forsögulegt gróðurlag. Neðri hluti þess er grábrúnn en efsti sentimetrinn er dökkbrúnn að lit. Þetta er mjög þétt og skýrt lag.
- Lag 15. *Setlag?* Ljósbrúnt moldarlag blandað fínni mól eins og nr. 13. Þetta er skriðulag eða setlag. Þarna undir lagi 10 skiptast á forsöguleg malarlög og gróðurlög.
- Lag 16. *Setlag?* Lagið er 6 - 8 cm þykkt og rauðbrúnt að lit efst og grábrúnt neðst.
- Lag 17. *Setlag?* Neðsta lagið sem grafið var niður á. Mold, gulbrún að lit. Gæti verið forsögulegt Heklulag, kannski H<sub>3</sub>. Lagið endar þar sem stungið hefur verið niður við innbrún norðurveggjar og þar tekur við lag nr. 18 innan í tóftinni.
- Lag 18. *Setlag?* Ljósbrúnt mold blönduð mól. Hugsanlega forsögulegt setlag. Lagið virðist koma í framhaldi af lagi nr. 17, en liggur sennilega undir því. Afstaðan milli þessara laga var ekki alveg ljós vegna þess að ekki var unnt að grafa dýpra án þess að hrófla við veggjahleðslum. Ljóst er þó að lag nr. 16 liggur yfir lagi nr. 18.
- Lag 19. *Blönduð mold.* Í þessu lagi eru viðarkolaagnir. Lagið virðist vera neðst í torfveggnum eða undir honum. Það er hugsanlega uppfylling eða tróð í torfveggnum eða lag sem hefur e.t.v. myndast þegar verið var að reisa húsið.
- Lag 20. *Jarðvegsþykknun.* Mislit mold, brún með misdökkum rákum. Hugsanlega blanda af jarðvegsþykknun og hruni úr suðurvegg.
- Lag 21. *Ógrafið.* Grafið var niður að þessum mörkum.

### 2.5.2 Sniðið innan í tóftinni:

Gólf lagið og önnur mannvistarlög inni í tóftinni hafa verið grafin burt við fyrri rannsóknir. Þar er nú aðeins grasrótarlagið (1) og lag 2 sem er uppfylling eða uppmokstur. Það hefur sennilega verið lagt til baka af Matthíasi við frágang á tóttinni á sínum tíma. Þar undir er lag 18 sem er ljósbrúnt mold blönduð fínni mól. Lagið virðist vera nokkuð þykkt og gæti verið setlag úr fornu vatni eða ísaldarmól. Norðurhlíð sniðsins

inni í skálanum er all flókin. Þar er eins og stungið hafi verið niður gegnum mannvistarlögin ofan í forsögulegu jarðlögin inn í miðjan norðurvegg.

### 2.5.3 Suðurveggur í sniði:

Við suðurvegginn virðast vera svipuð lög efst eins og við norðurvegginn. Þar er yfirborðslagið (1), grasrótin, efst. Þá brúna uppmoksturslagið (2) sem er blandað mól og grjóti allt að 20 cm þykkt. Þar undir kemur ljósbrúnt lag (4) um 10 cm þykkt. Lagið virðist hafa myndast við eðlilega jarðvegsþykkun. Undir þessu lagi er um 10 cm þykkt dökkbrúnt lag (7) sem erfitt er að átta sig á en virðist einna helst vera uppmoksturslag. Þar undir er torfveggur (11). Sunnan við vegginn er brúnt eða móbrúnt lag (20) um 20 - 30 cm þykkt og sennilega er það blanda af torfvegg og fokmold.

Undir lagi 20 var komið niður á mannvistarlag (9) fyrir utan og sunnan vegginn sem er 6 - 8 cm þykkt. Það er blandað viðarkolaösku. Í því eru nokkrar dreifðar flatar hellur en ekki samfelld hellulögn. Þetta eru steinar sem hafa verið fyrir framan skálavegginn í yfirborðinu þegar húsið var í notkun. Sennilega er neðsti hluti lagsins yfirborðslagið við upphaf byggðar á staðnum, (sama og lag 10).

Mölin undir mannvistarlaginu er svipuð og lag nr. 13 eða 18. Þar eð ákveðið var að grafa ekki torfvegginn sundur fyrr en hægt væri að gera það í stærra samhengi reyndist ekki unnt að tengja með fullri vissu saman lögin sem liggja undir hleðslurnar.

Inni í veggnum miðjum eru hreyfð, blönduð lög. Þau eru grá, brún, dökkbrún og móbrún að lit. Innan við neðstu undirstöðusteinana gætu þessi lög verið hluti af torfusneplum eða tróð í veggnum. Í þessum mannvistarlögum eru brennd bein, beinamylna og viðarkolaagnir. Þar undir er malarlagið. Við innri veggjarbrún er torfið ekki eins greinilegt. Það er dökkt, rauðbrúnt og gráleitt. Mismunandi veggjagerð við innri og ytri veggjarbrún bendir til að veggurinn sé ekki allur hlaðinn á sama tíma. Hugsanlega hefur verið gert við hann eða að honum hefur verið breytt Einnig eru nokkrir einkennilega staðsettir steinar inni í veggnum. Þar er t.d. steinn sem virðist liggja þversum í veggnum, um 40 cm langur og 15 cm breiður. Hann stendur þar upp á kant 30 cm hár. Einna helst minnir þetta á dyraumbúnað þó erfitt sé að ímynda sér slíkan umbúnað inni í miðjum vegg nema að fyllt hafi verið upp í hann. Þegar jafnframt er haft í huga að mannvistarlagið sunnan við rústina virðist ganga inn undir vegginn hníga flest rök til þess að í veggnum séu fleiri en eitt byggingaskeið

Svo virðist sem forsögulegu setlögin nr. 13 og 14 og jafnvel lag 10 sem sjást norðan við suðurvegginn hafi verið grafin sundur um 40 cm norðan við suðurhlið skálans.

Afstaða jarðlaganna bendir til þess að þar sem húsinu var valinn staður hafi verið flatur stallur í hliðinni við upphaf byggðar á staðnum.

## 2.6 Jarðhús

Um 8 m sunnan við skálann er lítil rúst. Þorsteinn Erlingsson gróf þá rúst upp og nefndi baðhús en Matthías Þórðarson áleit líklegra að hún væri soðhús eða reykhus.<sup>12</sup> Að innan er rústin að lögun eins og óreglulegur ferhyrningur, niðurgrafin að hluta, um 3 x 2,5 m að innanmáli og um 1 m djúp. Norðurhliðin er nú aðeins breiðari og hærri en suðurhlið, en það gæti stafað af því hvernig hrúnið hefur úr hliðunum eða hvernig uppmokstri var háttað við rannsókn Þorsteins Erlingssonar. Þegar tóftin er borin saman við aðrar svipaðar tóftir sem rannsakaðar hafa verið á undanförunum áratugum í Hvítárholti, Hrafnseyri og á Hjálmsstöðum í Laugardal er eðlilegast að álykta að hér sé um jarðhús að ræða og þyrfti að kanna tóftina betur síðar.<sup>13</sup>

<sup>12</sup> Þorsteinn Erlingsson 1899:57-59, Matthías Þórðarson 1964:64.

<sup>13</sup> Þór Magnússon 1973:12 og áfram, Guðmundur Ólafsson 1980:40 og áfram og 1992:39-56.

## 2.7 Fundaskrá

Engir munir fundust við rannsóknina, enda varla við því að búast með tilliti til þess að rústin hafði verið grafinn upp áður. Vakin er athygli á því að þess er ekki getið að munir hafi fundist við hinar fyrri rannsóknir. Yfirleitt finnast ekki margir gripir í húsarústumum frá þessum tíma, og sennilega hefur smádót sem kann að hafa legið í gólfskán lent í uppmokstri utan við vegg.

Alls voru skráðir 20 fundir/sýni við rannsóknina 1997 og er fundaskráin birt hér. Flestir eru sýni eða steinar sem virðast aðfluttir á staðinn.

### 22. júlí

Nr.	Heiti	X-hnit	Y-hnit	Hæð	Fundarstaður
F.1	Gjall	207,54	510,07	96,45	Í uppmokstri í norðurvegg (
F.2	Steinn með holu	211,80	511,36	95,62	Í gólfi sunnan við eldstæði (2)
F.3	Jaspis	212,41	511,91	95,57	Í gólfi (2)
F.4	Rauður steinn	208,44	510,59	96,11	Í uppmokstri í norðurvegg.

### 23. júlí

Nr.	Heiti	X-hnit	Y-hnit	Hæð	Fundarstaður
F.5	Brennt bein	215,41	511,59	95,01	Mannvistarlag (9) utan við hús
F.6	Viðarkol	215,41	511,59	95,01	Mannvistarlag (9) utan við hús

### 24. júlí

Nr.	Heiti	X-hnit	Y-hnit	Hæð	Fundarstaður
F.7	Jaspis, gulur	213,00	511,84	95,68	Upp við suðurvegg (2)
F.8	Jaspis, gulur	209,09	512,73	95,63	Við bakkann (2)
F.9	Viðarkolasýni	214,95	511,46	94,99	Mannvistarlag (9) utan við hús

### 25. júlí

Nr.	Heiti	X-hnit	Y-hnit	Hæð	Fundarstaður
F.10	Kvarts	211,90	513,32	95,53	(2)

### 28. júlí

Nr.	Heiti	X-hnit	Y-hnit	Hæð	Fundarstaður
F.11	Bein, óbrennt	212,11	512,70	95,54	E.t.v. úr gólfi eða seti (2).

### 29. júlí

Nr.	Heiti	X-hnit	Y-hnit	Hæð	Fundarstaður
F.12	Viðarkolasalli	210,65	510,47	95,42	Úr viðarkolaholu (12)

### 30. júlí

Nr.	Heiti	X-hnit	Y-hnit	Hæð	Fundarstaður
F.13	Viðarkol	208,33	512,52	95,72	Úr pinnaholu í norðurvegg.
F.14	Viðarkol	208,33	512,52	95,72	Sama og F.13.

### 31. júlí

Nr.	Heiti	X-hnit	Y-hnit	Hæð	Fundarstaður
F.15	Viðarkol	215,21	512,09	94,90	Mannvistarlag (9)
F.16	Bein, brennt	215,21	512,09	94,90	Mannvistarlag (9)
F.17	Viðarkol	214,98	511,89	94,94	Mannvistarlag (9)
F.18	Viðarkolasalli	210,65	510,47		Viðarkolahola (12)
F.19	Steinn, slípaður				Úr gólfi (2)
F.20	Mannvistarlag	215,40	512,40	94,90	Mannvistarlag (9) utan við hús

## 2.8 Teikningar:

Gerðar voru samtals 10 teikningar meðan á rannsókn stóð, 6 flatarteikningar og 3 sniðteikningar í mælikvarða 1:20 og 1 skissmynd án mælikvarða af öllu svæðinu.

T-nr.	Tegund	Hnit A	Hæð	Hnit B	Hæð	Dagsetn.	Teikn.	Athugasemdir
T-1	Flatarteikning	X209,17/Y510,45		X213,32/Y511,52		23.7 1997	G.Ó.	Fyrir vestan snið
T-2	Skissmynd					23.7 1997	G.Ó.	Yfirlit með hæðarpunktum
T-3	Snið	X206,69/Y509,32	96,67	X215,80/Y511,52	95,37	28.7 1997	G.Ó.	Þvert yfir tóft
T-4	Flatarteikning	X211,44/Y511,06	96,60	X211,02/Y513,82	95,62	28.7 1997	R.T.	Langeldur
T-5	Flatarteikning	X209,34/Y510,90	95,67	X208,79/Y514,88	95,83	29.7 1997	R.T.	Norðurveggur
T-6	Flatarteikning	X213,03/Y511,74	95,51	X212,57/Y513,95	95,52	29.7 1997	R.T.	Syðri veggur innri brún
T-7	Snið					30.7 1997	G.Ó.	Framhald T-3 til suðurs
T-8	Flatarteikning	X208,70/Y510,11	95,46	X208,40/Y513,08	95,71	30.7 1997	R.T.	Norðurveggur, ytri brún.
T-9	Flatarteikning	X213,03/Y511,74	95,46	X215,65/Y511,67	94,98	31.7 1997	R.T.	Syðri veggur, ytri veggjabrún
T-10	Snið					1. 8 1997	G.Ó.	Framhald T-3 til norðurs

## 2.9 Frágangur uppgriftarsvæðis

Að rannsókn lokinni var sniðskurðurinn fylltur með mold. Plast var lagt í botninn á skurðinum áður en hann var fylltur. Veggir og set voru hlaðin upp að nýju á uppgriftarsvæðinu í samræmi við nýjar rannsóknarniðurstöður og tyrft yfir. Miðskip hússins og langeldur voru ekki hulin svo að það væri sýnilegt þeim sem skoða staðinn. Gert er ráð fyrir að frekari rannsókn fari fram síðar og þá verði aðrir hlutar rústarinnar einnig endurhlaðnir og lagfærðir svo að allt húsið verði með réttu lagi.

Af ótta við að vatnsrennsli úr uppsprettunni suðaustan við tóftina gæti spillt hugsanlegum minjum fyrir neðan rústina og jarðhýsið, var grafin smárenna til austurs og vatninu veitt í bæjarlækinn austan við rústina.

## 2.10 Niðurstöður:

Eins og sagði í upphafi var ofangreind rannsókn einkum gerð til að kanna hvort hægt væri að afla nýrra upplýsinga um tegund, aldur og gerð tóftarinnar.

Niðurstöðurnar komu skemmtilega á óvart. Ljóst er að heilmiklar upplýsingar er enn að finna í minjunum á Eiríksstöðum sem hægt er að ráða í með þeim aðferðum sem nú er beitt við fornleifarannsóknir.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að tóftin, sem nefnd hefur verið bær Eiríks rauða, hefur verið skáli. Gerð hans, langeldur og leifar af setum benda einna helst til búsetu á 10. eða 11. öld. Skálinn hefur verið um 4 m breiður og fyrir miðju hefur verið langeldur á gólfi. Meðfram veggjum hafa verið um 0,9 m breið set. Veggir skálans hafa verið um 1 m - 1,5 m breiðir, hlaðnir úr torfi með undirstöðum úr grjóti. Steinar í suðurvegg benda til að hann hafi hugsanlega verið lagfærður eða endurbyggður að hluta. Skriða hefur fallið á bæinn úr hlíðinni fyrir ofan hann og hefur hugsanlega fært norðurvegginn úr stað þegar hún skall á honum.

Fyrri rannsóknir, undir stjórn Þorsteins Erlingssonar árið 1895 og Matthíasar Þórðarsonar árið 1938, hafa fjarlæggt nær öll mannvistarlög sem voru innan í húsinu. Fyrir utan húsið eru mannvistarlögin hins vegar óhreyfð.

Hugsanlega hefur verið um 2 x 6 m stórt bakhús við norðvesturenda skálans en það svæði var ekki kannað nánar að þessu sinni.

Skammt neðan við skálann hefur sennilega verið lítið jarðhús, eins og algengt var við bæi á söguöld.

## 2.11 Geislakolsgreining

Nokkur viðarkolasýni voru tekin við rannsóknina og var sýni nr. 9, sem fannst ofarlega í mannvistarlagi sunnan við rústina, valið og sent til geislakols-aldursgreiningar á AMS


rannsóknarstofunni í Árósum. Samvinna ríkir milli Árósa og Raunvísindastofnunar Háskólans þar sem undirbúningur súna og Deltam C13 mælingar sýna fara fram á RH.

AAR	Tegund sýnis	Tökustaður sýnis - Ástæða sýnatöku	<sup>14</sup> C Aldur (BP)	Leiðréttur aldur ! 1 stdy	δ <sup>13</sup> C (‰) PIB
AAR-3963	Viðarkol	Eiríksstaðir, Dalasýsla, Ísland. Aldursgreining á meintum bústað Eiríks-Rauða.	@ 1115 ± 37	@ AD 890-980	-26,7

Tafla með niðurstöðum <sup>14</sup>C greiningar frá Árósum, miðað við 1 staðalfrávik.

<sup>14</sup>C aldur sýnisins reyndist vera 1115 ± 37 BP (before present =1950). Þegar búið er að leiðrétta mælingarnar miðað við leiðréttingarkúrfu M. Stuivers, Long og R.S.Kra frá 1993 fáum við aldurinn 890 - 980 samkvæmt okkar tímatali miðað við 1 staðalfrávik. Eru 68,2% líkur að sýnið sé innan þeirra tímamarka. Á línuritinu eru toppar við upphaf og lok tímabilsins sem bendir til að þar séu mestar líkur á að finna réttan aldur.

Á undanförunum árum hefur mikil umræða átt sér stað hér á landi um áreiðanleika geislakolsaldurgreininga. Því hefur m.a. verið haldið fram að hár geislakolsaldur sem mælst hefur á viðarkolasýnum frá landnámsöld bendi til að landnám hafi hafist á 7 - 8. öld og að fornleifafraeðingar sem ekki vilji trúa því séu þar með að hafna öllum öðrum geislakolsmælingum, eða séu þeirrar skoðunar að reikna skuli með 150 - 250 ára skekkju á öllum geislakolsmælingum.<sup>14</sup> Þó ekki hafi enn fengist fullnægjandi skýringar á háum aldri ýmissa geislakolsaldurgreininga á viðarkolasýnum frá landnámsöld eru skýrsluhöfundar ekki sammála ofangreindum sjónarmiðum og finnst sú umræða hafa að mörgu leyti verið afar villandi.



Leiðréttingartafla samkvæmt M. Stuiver and R.S. Kra 1986 og M. Stuiver, A. Long and R.S. Kra 1993.

<sup>14</sup> Sbr. Margrét Hermanns- Auðardóttir 1989:54 og Páll Theodorsson 1997:92-110.

Við teljum að ekki sé óeðlilegt að gera ráð fyrir að viðarkolasýni frá fyrstu árum og jafnvel áratugum landnáms á hverjum stað gefi hærri aldur en fornminjar, á meðan verið er að brenna lausum sprekum og gömlum víði sem safnast hefur fyrir í aldanna rás. Eftir að farið er að höggva og brenna ferskum víði skapast jafnvægi og má þá gera ráð fyrir að geislakolsaldur viðarkols mælist nær raunaldri þeirra minja sem sýnin eru tekin úr. Hér er reyndar um nokkra einföldun á margþættu vandamáli að ræða sem ekki er ástæða til að fjalla nánar um í þessari skýrslu. Í framhaldi af ofansögðu er niðurstaða okkar er sú að geislakolsgreiningin frá Eiríksstöðum sýni raunaldur minjanna.

Niðurstöðurnar gefa því að okkar mati fullt tilefni til að ráðast í frekari rannsóknir á staðnum. Markmiðið með þeim væri að rannsaka að fullu bæði skálarústina og litlu rústina neðar í brekkunni sem gæti verið jarðhýsi. Jafnframt þarf að rannsaka svæðið sem er utan við skálann, hvort bakhús hefur verið við norðvesturhorn skálans og ganga úr skugga um að ekki séu fleiri rústir á staðnum.

Fornleifarannsókn af þessari stærð er afar kostnaðarsöm og verður vart hrundið af stað án utanaðkomandi fjármögnun. Við teljum samt að með góðum undirbúningi megi leita til ýmissa aðila sem hug hefðu á því að taka þátt í slíkri rannsókn eða styrkja hana með fjárframlagi. Við gerum ráð fyrir að ljúka mætti rannsókn á staðnum á tveimur sumrum, með þáttöku innlendra og erlendra samstarfsaðila og leggjum til að stefnt verði að því að halda áfram rannsókn árið 1999 og árið 2000.

Nú þegar eru fyrirhugaðar nokkrar stórar fornleifarannsóknir sumarið 1998. Þess vegna gæti reynst erfitt að fá nægilega marga fornleifafræðinga til starfa við enn eitt rannsóknarverkefnið. Í öðru lagi mundi lengri undirbúningstími nýtast betur við að afla samstarfs- og fjármögnunaraðila. Í þriðja lagi teljum við mjög æskilegt að rannsókn fari fram og verði til sýnis á Eiríksstöðum árið 2000, þegar vænta má fjölda ferðamanna þangað í sambandi við hátíðahöld í tilefni landafundanna.

Rétt er að taka fram, vegna hins mikla áhuga sem beinist að Eiríksstöðum nú um stundir vegna þúsund ára afmælis landafundanna, að ekki er unnt með aðferðum fornleifafræðinnar að sýna fram á hvort þessar tóftir hafi verið bústaður tiltekins manns, Eiríks rauða í þessu tilviki. Hins vegar hefur ekkert komið fram sem afsannar slíka tilgátu. Allt bendir til þess að um skála sé að ræða, frá þeim tíma er Eiríkur er sagður hafa verið uppi. Ekki var búið lengi í skálanum og aldrei síðan eftir að þaðan var flutt.

## 2.12 Heimildir

- Árbók *Ferðafélags Íslands* 1997. Í fjallhögum milli Mýra og Dala. Guðrún Ása Grímsdóttir og Árni Björnsson.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín 1938. *Jarðabók VI*. Kaupmannahöfn.
- Benedikt Jónsson og Ólafur Hjörtur Jónsson 1985. *Haukadalshreppur*. Sveitarlýsing. Reykjavík.
- Brynjúlfur Jónsson 1895. bls. 20. + uppdráttur. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1895*. Reykjavík.
- Daniel Bruun 1987. *Íslenskt mannlíf í þúsund ár*. Reykjavík.
- Garðar Guðmundsson 1998. *Rannsókn á sýni úr uppgreftri að Eiríksstöðum 1997*. Óbirt rannsóknarskýrsla.
- Guðmundur Ólafsson 1980. Grelutóttir. Landnámsbær við Eyri við Arnarfjörð. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1979:25-73*. Reykjavík.
- Guðmundur Ólafsson 1992. Jarðhús á Hjálmsstöðum í Laugardal. *Árnesingur II:39-56*.
- Íslensk fornrit I* 1968. Landnámabók. Reykjavík. Útg. Jakob Benediktsson.
- Íslensk fornrit IV* 1935. Eiríks saga Rauða. Reykjavík. Útg. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson.

- Matthías Þórðarson 1964. Eiríksstaðir í Haukadal. Rannsóknarskýrsla 13.-15. IX 1938. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1963:59-64* Reykjavík.
- Margrét Hermanns- Auðardóttir 1989. Islands tidiga bosättning. Studier med utgångspunkt i merovingertida-vikingatida gårdslämningar i Herjólfssdalur, Vestmannaeyjar, Island. *SAUU 1*. Umeå.
- Páll Theodórsson 1997. Aldur landnáms og geislakolsmælingar. *Skírnir, vor 1997* bls. 92 - 110.
- M. Stuiver and R.S. Kra eds. 1986. *Radiocarbon 28(2B): 805-1030; OxCal v2.18 cub r:4 sd:12 prob[chron]*
- M. Stuiver, A. Long and R.S. Kra eds. 1993. *Radiocarbon 35(1); OxCal v2.18 cub r:4 sd:12 prob[chron]*
- Þorsteinn Erlingsson 1899. *Ruins of the Saga Time*. London.
- Þór Magnússon 1973. Sögualdarbyggð í Hvítárholti. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1972:5-80*. Reykjavík.



### 3 SKRÁNING NOKKURRA MINJA Í DALABYGGÐ


Meðan á rannsókn stóð á Eiríksstöðum voru kvöld og helgar notaðar til að skoða og skrá ýmsar fleiri minjar í Haukadall og víðar í Dalabyggð. Hér fylgir stutt frásögn af þeim minjum sem skoðaðar voru, en vonandi verður hægt að gera þeim betri skil síðar.

#### Stóra Vatnshorn

##### *1 Bergrista/galdrastafur*

**Tegund** Bergrista:

**Fjöldi:** 1



*Uppdráttur af galdrastafnum steinboga hjá Stóra Vatnshorni.  
Breidd 8 cm. Hæð 11 cm.. Teikn. G.Ó.*

**Lega:** Um 80 - 100 m norðvestur af bænum á Stóra Vatnshorni er berggangur þvert í hlíðinni. Hann er í nokkrum stöllum. Berggangurinn er nefndur steinbogi eins og aðrir berggangar í sveitinni. Ofan við gróinn stall upp af neðsta hluta steinbogans er höggvinn stafur fyrir miðju á slétta klöpp.

Að sögn ábúenda eru engar heimildir til um þessa bergristu, hver gerði hana, hvað hún táknar eða hve gömul hún er. Talið er þó að hún sé að minnsta kosti 200 ára gömul.

**Lýsing:** Ristan er teiknuð hér að ofan. Hún er 11 cm löng og 8 cm breið. Efri hluti hennar er tvær lykkjur. Segja má að ristan byrji á lítilli lykkju efst til vinstri, myndi síðan helmingi stærri lykkju til hægri sem gengur niður í legg sem endar í krossi með hringlaga endi. Hálfbogi liggur yfir krossinn undir lykkjunum í efri helmingi. Óvíst er hvort þverstrík í miðju er höggvið í klöppina eða náttúruleg sprunga. Sennilega er þetta gamalt verndartákn eða galdrastafur.

## 2 Hænsnakofi og hesthús

Tegund: Útihús

Fjöldi: 6-7

Tóftir, sem eru um 100 m vestan við bæinn á Stóra Vatnshorni. Tóftirnar eru á vesturbakka lækjar sem fellur í gili úr fjallinu. Tóftirnar, sem eru flestar sambyggðar, eru sennilega 6 - 7 talsins. Þær snúa ýmist í norður-suður eða austur-vestur.

**2.1 Tóft** sem snýr í austur-vestur með hlíðinni. Hún er neðst í tóftaþyrpingunni og er um 1,5 m breið og um 6 m löng að innanmáli. Inngangur er á austurgafla sem liggur inn í göng sem eru á ská upp brekkuna austan við tóftina. Vestast í þessari tóft er eins



og annar inngangur sem er aðeins um 30 - 40 cm breiður til norðurs, um 80 cm frá vesturgaflinum. Þar norður af er slétt laut (8) sem er um 10 - 15 m löng. Breiddin er um 8 - 10 m.

**2.2 Göng** sem eru um 1,5 m breið. Inngangurinn neðst snýr mót suðri og er um 60 cm breiður. Inngangurinn er eins og áður sagði eins og í framhaldi af suðurvegg tóftar A en hann er um 1 m að þykkt en hefur skriðið dálítið úr að sunnanverðu þannig að ef miðað er við neðri veggjabrún er veggurinn 2 m breiður. Veggjahæð þessa syðri langveggjar er um 40 cm.

Inngangurinn liggur skáhallt upp til norðvesturs. Austurveggur hans er mjög lágur og mjór, sennilega ekki nema um 60 cm breiður og 15 cm hár. Í veggnum mótast fyrir grjóti en annars er allt á kafi í grasi og erfitt að greina hvað undir er.

**2.3 Tóft** norðan við göngin. Inngangur hennar um 60 - 70 cm breiður og veggurinn er 1 m þykkur. Hann er sameiginlegur með tóft 2.2. Vesturgaflinn er um 1 m breiður en hefur flast út svo að hann er allt að 2 m breiður við neðri veggjabrún. Veggjahæð vestur- og norðurveggjar er allt að 30 - 40 cm. Tóftin er um 3 m löng og um 1,5 m breið.

**2.4 Kofatóft** er norður úr 2.3. Í henni sést móta fyrir miklu meira grjóti sem hefur hrunið úr veggjum inn í tóftina. Inngangurinn er um 50 cm breiður. Innanmál tóftarinnar eru um 1,5 x 1 m á lengd og hún snýr austur-vestur. Veggjahæðin er allt að 70-80 cm. Veggjaþykkt að austanverðu er um 80 cm og norðurhlíðin er um 60 - 70 cm breið.

**2.5 Tóft** norðan við 2.4. Hún snýr norður-suður og er a.m.k. 4 m löng, en gæti hafa verið 5 m löng því nyrsti hlutinn virðist hafa hrunið inn í tóftina. Breiddin er aðeins um 1 m efst.

Neðst við vesturhliðina er um 2 m breitt op sem hefur sennilega verið inngangur. Við innri veggjabrún er opið 2,5 m. Vesturveggurinn er um 2 m breiður. Rústin hefur verið grafin inn í brekkuna á sínum tíma. Norðurgafllinn virðist vera um 1 - 1,5 m breiður. Hann virðist vera grafinn inn í hliðina því ytri veggjabrún nemur nánast alveg við brekkuna fyrir ofan. Sama er að segja um austurhliðina. Ytri brún ber við jafnsléttu, en innri brúin er um 70 - 80 cm há.

**2.6 Skot.** Syðst í austurhorni þessarar tóftar er lítið innskot í vegginn sem er um 50 x 50 cm breitt. Virðist vera hlaðið steinum beggja vegna við það. Þetta skot nær ekki í gegnum vegginn. Hlutverk þessa skots er ekki þekkt.

Lækurinn fellur í 2 - 3 m djúpu gili rétt austan við tóftina. Frá tótt 2.5 eru um 4 m að lækjarbakka .

**2.7 Kofi.** Um 2 m vestan við tóft 2.1 virðist hafa verið lítill kofi. Þetta er reyndar allt fremur óljóst. Veggirnir virðast hafa verið um 1 m breiðir , en ytri veggjabrún er ekki hærri en umhverfið, en að innanverðu er tóftin aðeins niðurgrafin um 20 cm. Að innanmáli er tóftin um 2 m að lengd í austur-vestur og um 1,5 m breið. Inngangur er fyrir miðri suðurhlið, um 50 - 60 cm breiður.

**2.8 Aðhald?.** Bilið milli 2.1 og 2.7 er eins og inngangur inn í flata svæðið 2.8 sem er vestan við tóftir 2.3 - 2.5.

Árni Benediktsson, bóndi á Stóra Vatnshorni, segir að þarna hafi verið hesthús, en þegar hann kom fyrst að jörðinni um 1940 hafi fyrri ábúendur haft hænsni í kofa á þessum stað á sumrin.

### **3 Útihús**

**Tegund:** Kofi og rétt

**Fjöldi:** 2-3

*Kofatóft og rétt*, um 200 m vestan við bæinn á Stóra Vatnshorni.

**3.1** Tóftin er 2 x 3 m að innanmáli og snýr austur- vestur. Inngangur er á suðurgafli við austurhlið. Veggjapýkkt er um 1 m, nema gafllinn sem er mjórri og er aðeins um 30 - 40 cm breiður. Veggjahæð að innanverðu er allt að 30 - 35 cm á hæð en að utan er hún allt að 70 cm. Tóftin snýr undan brekkunni þannig að eðlilega er veggjahæðin mest að sunnanverðu. Þetta eru útihús, sennilega hesthús eða sauða-/lambakofi. Hann er um 80 - 90 m norðan við veg, um 20 - 30 m ofan við tún sem er norðan vegarins og um 60 m norðaustur af skemmu sem stendur við norðvesturhorn túnsins.

**3.2** Norðan tóftarinnar er dálítill laut um 4 m í þvermál. Engir veggir eru sýnilegir umhverfis hana, þó er ekki útilokað að þetta hafi verið heystæði. Norður af tóftinni eru um 8 m að brekkunni. Um 3 - 4 m austan við tóftina er lækjarspræna sem fellur í bugðum niður hliðina.

**3.3** Frá suðvesturhorni tóftarinnar er eins og liggi grjóthleðsla í suðvestur um 3 m, beygir þar til vesturs í um 5,5 m og beygir þar aftur til norðurs upp í hliðina. Þetta virðist vera dálítill hallandi stallur en vegna þess hve grösugt er þarna núna er erfitt að greina hleðslur. Þó glittir í grjót hér og þar. Í suð-austurhliðinni, sem er greinilegust, eru margir stórir steinar. Sumir eru allt að 50 cm í þvermál. Vegna þess hve svæðið er grasi vaxið er ekki gerlegt að greina með góðu móti hvort steinarnir séu allir í hleðslu eða hvort eitthvað sé jarðfast eða náttúrulegt á staðnum. Engar hleðslur eru sýnilegar í vesturhliðinni, þannig að það er aðeins pallurinn, sem er þar um 20 - 30 cm hærri, sem bendir til þess að þetta hafi verið mannvirki. Þetta gæti hafa verið grjóthlaðin fjárrétt vestan við kofann.

Hugsanlega hafa smáskriður fallið niður að kofanum og fyllt upp að honum norðanverðum.

### Ljárskógasel

#### 4 Katlar

**Tegund:** Aðhald

**Fjöldi:** 1-5

Farið var með hópferð að Ljárskógaseli undir leiðsögn Ragnars Þorsteinssonar sem ólst þar upp. Stoppað var við Katlana í ánni Fáskrúð sem Jóhannes skáld úr Kötlum kenndi sig við. Þar sagði Ragnar frá Jóhannesi og las kvæðið *Faðir minn* eftir hann. Svanur Jóhannesson sagði einnig frá æskuminningum sínum. Nokkrar ljósmyndir voru teknar af Kötluunum.

#### 5 Ljárskógasel


**Tegund:** Eyðibýli

**Fjöldi:** 5-10

Er komið var að Ljárskógaseli sagði Ragnar Þorsteinsson frá lífinu í selinu. Þar bjuggu tvær fjölskyldur allt árið fram undir 1930.

Að utanmáli er selið um 14 x 10 m.

Bæjarhlaðið sneri mót vestri. Bærinn hefur haft þrjár burstir. *Bæjargöngin* voru fyrir miðju. Sunnan við þau var *baðstofa* og norðan við göngin var *fjós*. *Eldhúskrókur* með hlóðum var við enda ganganna.



Flatarteikning af Ljárskógarseli. G.Ó.

*Baðstofan* var um 7 x 3 m að innanmáli og var henni skipt í tvennt með timburþili. Hafði hver fjölskylda þannig hálfa baðstofuna fyrir sig. Í Vesturstofunni bjuggu foreldrar

Jóhannesar með tveimur börnum. Í Austurbaðstofunni bjuggu foreldrar Ragnars með fjórum börnum. Inngangar voru úr göngunum inn í baðstofuhelmingana sinn hvorum megin við þilið. Undir allri baðstofunni var um 2 m djúpur *kjallari* sem notaður var sem búr. Innbrún veggja hans var hlaðin úr grjóti.

*Bæjargöngin* eru um 5 m löng og um 2 m breið. Eins og áður sagði var gengið til vinstri úr göngunum inn í baðstofuna. Við enda ganganna er dálítið skot sem er um 2 x 2 m að innanmáli. Það er eldhúsið í selinu. Leifar af hlóðum voru sýnilegar út við vegginn. Þær hafa verið jafnbreiðar göngunum og hafa náð um 50 - 60 cm út frá veggnum. Við enda ganganna er gengið til hægri inn í fjósið. Það er um 4,5 x 4 m að innanmáli. Þar voru básar fyrir 4 kýr við norðurhliðina. Ekki voru þó hafðar nema 2 kýr á fóðrum.

## Lambastaðir

### *6 Haugur Þórðar godda*

**Tegund:** Hringlaga mannvirki

**Fjöldi:** 1

Í framhaldi af ferðinni að Ljárskógaseli var farið að svonefndum haug Þórðar Godda sem friðlýstur er í landi Lambastaða. Svanur Jóhannesson vísaði leiðina að haugnum sem er í túni á Lambastaðanesi. Haugurinn er mjög greinilegur, þó eitthvað hafi hann sennilega sokkið í jörðu og sé flatur en ekki hauglaga.



*Horft til suðurs yfir Lambastaðanes og haug Þórðar Godda. Ljós. G.Ó.*

Haugurinn er sporöskjulaga, um 15 x 12 m í þvermál. Umhverfis hann er um 1 m breiður garður sem er um 50 cm hár. Innan garðsins eru all margar stórar þúfur. Nálægt miðju er steinhella sem sokkin er um 20 cm niður í jörðina. Á honum virðist standa: “*Hér hvílir Þórður Goddi*”. Letrið var svo máð að erfitt var að lesa það. Þar umhverfis eru þúfurnar einna stærstar, allt að 60 cm breiðar og 40 - 50 cm háar. Þessar þúfur virðast jafnvel mynda ferhyrning sem er um 3 x 3 m í þvermál.

Enginn haugur er sýnilegur í þessu mannvirki og verður hér ekki reynt að giska á hvert hlutverk þess hefur verið. Nokkrar ljósmyndir voru teknar á staðnum.



## Saurstaðir

Skoðaðar voru nokkrar minjar í landi Saurstaða sem taldar eru tengjast frásögnum í Eiríkssögu undir leiðsögn Jóns Hjálmtýssonar fyrrverandi bónda á Saurstöðum.

### 7 Orustuhvammur

**Tegund:** Sögustaður


**Fjöldi:** 9 -10

Sagt er að Eiríkur rauði hafi barist í Orustuhvammi. Þarna eru a.m.k. 9 tófta- eða mannvistarleifar. Á síðari hluta 19. aldar var bent á ferhyrnda girðingu þar sem Eiríkur átti að hafa barist. Einnig var sagt að hann hefði barist inn í láginni. Þá var einnig greint frá minni girðingu ofar í hvamminum sem áin hefði farið yfir og brotið niður og þess getið að í hvamminum séu fjórar eða fleiri stekkjatættur.<sup>15</sup>

#### 7.1 Gerði

Friðlýst, ferköntuð tóft (A) um 18 - 20 m að utanmáli og 16 x 16 m að innanmáli. Veggirnir eru allt að 40 cm háir og allt að 2 m breiðir. Þeir eru mjög útflattir. Inni í tóftinni er mjög þýft. Þúfurnar eru um 40 - 50 cm breiðar og 50 - 100 cm langar. Austurhliðin er aðeins bogadregin. Ekki er hægt að sjá neitt mannvirki inni í ferningnum. Ekki er heldur hægt að greina með fullri vissu hvort inngangur hafi verið í mannvirkið, en sums staðar er veggurinn sundurskorinn af þúfum og í norðaustur-horninu er t.d. mjótt rof skáhallt í gegnum vegginn.

Munnmæli herma að Eiríkur rauði og Eyjólfur hafi barist í girðingunni. Tóftin er friðlýst.



Horft til norðurs yfir Orustuhvamm. Til vinstri er fornleg tóft C, til hægri eru samsíða hvilftir E. Varða D er fremst á malarásnum og ferhyrnt friðlýst gerði A er til hægri neðan við hann. B eru leifar af garði. Eiríksstaðir eru í hlíðinni ofarlega til hægri á myndinni. Ljósm. G.Ó.

<sup>15</sup> Brynjúlfur Jónsson 1895:20.

### **7.2 Vegarlóði**

Um 5 - 6 m austan við tóft A er eins og móti fyrir lágum garði (**B**) sem liggur framhjá tóftinni frá norðri til suðurs niður að Haukadalsá efri. Þetta eru líklega leifar af þjóðleiðinni sem lá þarna undir melnum og upp hlíðina upp af Saurstöðum. Slóðin er allt að 3 m breið og 50 cm djúp þar sem hún liggur í gamla árfarveginum en mjókkar þegar hún kemur nær ánni.

Hugsanlegt er að í hvamminum hafi verið áningarstaður áður fyrr og að ferhyrnda mannvirkið sé hestarétt.

### **7.3 Fornleg tóft**

(C). Ofarlega fyrir miðjum hvammi er mjög fornleg tóft, sokkin í jörð, veggir útflattir og komnir í þýfi. Þessi tóft er að minnsta kosti tvö herbergi, hugsanlega þrjú. Efsta herbergið er með inngangi til austurs en nyrðri herbergin eru ógreinilegri. Miðherbergið var stíkað og var um 4 x 4 m að innanmáli en máli var ekki slegið á önnur herbergi.

### **7.4 Varða**

Nyrst og fremst á melnum upp af Orustuhvammi eru leifar af vörðu (**D**). Hún er um 2 x 3 m í þvermál neðst og um 60 cm há. Jón sagðist hafa heyrt frá móður sinni að þetta hefði verið merkjavarða sem landmælingamenn hefðu hlaðið um aldamótin. Í vörðunni eru allstórir steinar neðst, um 30 - 40 cm, og minni steinar ofar. Vegna hruns er erfitt að gera sér grein fyrir lögun upprunalegu vörðunnar en útlit hennar í dag bendir til þess að hún hafi verið ferhyrnd.

### **7.5 Hugsanlegar minjar**

Innst og austast í hvamminum er bogalaga stallur (**E**). Þar eru þrjár aflangar samsíða dældir við suðurhlutann. Þar er líka dálítil þúst sem er sennilega um 1 m í þvermál. Nyrst á stallinum er önnur hvilft sem liggur í austur-vestur. Ekki var slegið máli á þetta og án rannsóknar er erfitt að segja til um hvort þarna undir séu leifar af mannvirkjum eða hvort þetta sé náttúrulegt. Þarna hefur árfarvegurinn sennilega legið áður fyrr og hugsanlega mótað landslagið að verulegu leyti.

### **7.6 Dysjar?**

Efst og syðst í hvamminum er 4 x 6 m stórt svæði á árbakkanum sem er grjóti lagt (**F**). Þar er eins og hrúgað hafi verið saman 20 - 30 cm stórum steinum. Jón taldi að þarna væru dysjar en erfitt er að sjá hvort þetta er mannaverk eða náttúrulega til komið af framburði árinna.

## **Villingadalur**

### **8 Kirkjufell**

**Tegund:** Eyðibýli

**Fjöldi:** 8 - 10

Undir Kirkjufelli er sagt að hafi verið kot sem fór í eyði vegna reimleika. Þar hjá heitir Draugafoss. Þar á 13 draugum að hafa verið komið fyrir. Umhverfis var markaður hringur og áttu draugarnir ekki að sleppa úr fossinum fyrr en hringurinn yrði rofinn eða

máður út.<sup>16</sup> Í Jarðabókinni sem skráð er árið 1703 er þess getið að mikið sjái til rústa og girðinga en enginn viti hvenær þar var byggt eða hvenær það lagðist í eyði.<sup>17</sup>

Allmargar tættur og garðlög eru sýnilegar á lágum hólrana skammt suður af fjárrétt Haukdælinga. Vafalaust hinar sömu og nefndar eru í Jarðabókinni frá 1703. Dregin var upp lausleg skissa af þessum minjum. Fjárréttin var vígð árið 1961.

## Jörfi

### *9 Valbjófsstaðir hinir fornu*

**Tegund:** Eyðibýli

**Fjöldi:** 10 - 20

Jón vísaði á rústasvæði sem hann taldi vera af Valbjófsstöðum hinum fornu.

Þar eru 3 - 4 rústir eða rústaþyrpingar.

**9.1** Nyrsta og vestasta rústin er um 6 - 7 m löng og um 4 m breið. Veggirnir eru misþykkir og allir gengnir út í þúfur. Inngangur er á norðausturhorninu.

Lítill lækjarspræna rennur rétt vestan við tóftina.

**9.2** Vestan við lækinn er kofa- eða stekkjartóft.

**9.3** Austasta tóftaþyrpingin virðist vera bæjartóft sem saman stendur af 8 herbergjum. Ekki voru tök á að mæla þessar rústir upp eða gera þeim frekari skil að þessu sinni.

Útlit tóftanna bendir til þess að þetta sé ekki mjög forn bæjarrúst, sennilega vart eldri en 300 - 400 ára gömul.

Í Jarðabókinni er er sagt að talið sé Valbjófsstaðir hafi verið landnámsjörð en að þar hafi ekki verið byggt í mannaminum nema kannski um fá ár.<sup>18</sup>

Margrét Oddsdóttir á Jörfa er sömu skoðunar og telur að þessar tættur séu ekki frá tíma Eiríks rauða heldur yngri. Gömlu Valbjófsstaðir telur hún að hafi verið utar en þessi staður, vestan undir Stekkjarholti.


---

<sup>16</sup> Munnlegar heimildir: (Jón, Rannveig Árnadóttir).

<sup>17</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 6:51.

<sup>18</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín VI1938:49.





*Lausleg skissa af minjum vestan undir Kirkjufelli.  
Fjárréttin er skammt norðan við tætturnar.*

### **10 Rúst vestan við Stekkjargil**


**Tegund:** Útihús

**Fjöldi:** 1

Í miðri skriðu rétt vestan við Stekkjargil er tóft sem liggur í NV-SA. Jón vísaði okkur á þessa tóft en vissi ekki nein frekari deili á henni. Þetta mun vera tóftin sem Margrét telur að hafi verið Gömlu Valþjófsstaðir.

### **Hamrar**

Jónas Guðjónsson á Hömrum sýndi okkur litla reimarnál sem jafnframt hefur verið eyrnaskefill. Hún er af upphlut úr silfri. Jónas fann nálina þegar grafinn skurður þar sem hæsnahúsið hafði verið. (Teikningin er mælikvarða 1:1.)



### **11 Hraunkot**

**Tegund:** Rúst

## Fjöldi: 1

Mjög fornleg rúst sem nefnist Hraunkot er í landi Hamra. Þar mynda mosagrónar þúfur um 8 x 12 m garð. Innan hans er minna mannvirki um 3 x 3,5 m að ummáli. Allt er þetta þó óljóst vegna þess hve mannvirkin eru orðin samgróin umhverfinu. Ekki er nokkur vafi á því að þarna virðast vera mjög forn mannvirki sem litlar heimildir eru til um. Skammt þar hjá er stór álfasteinn sem nefnist Grásteinn. Jónas á Hömrum vísaði á staðinn. Í Jarðabókinni er greint frá því að Hraunkot hafi verið býli sem lagst hafi í eyði vegna þröngbýlis og verið skipt milli Hamra og Mjófabóls.<sup>19</sup>



Horft til norðausturs yfir kirkju og kirkjugarð á Jörfa. Ljós. G.Ó.

## Jörfi

Farið var að Jörfa til að skoða kirkjutóttina, þinghústóttina og fleiri minjar sem þar eru. Margrét Oddsdóttir á Jörfa, var leiðsögumaður um svæðið.

### **12 Kirkjutótt og kirkjugarður**

**Tegund:** Kirkja og kirkjugarður

**Fjöldi:** 2

Kirkjugarðurinn er um 13 m að innanmáli. Kirkjurústin er um 3 m breið og um 6 m löng að innanmáli. Torfveggir eru á þrjá vegu, allt að 50 cm háir, en timburpil hefur verið á vesturgafli. Þar hefur inngangurinn verið.

### **13 Þinghústótt**

**Tegund:** Þinghús

**Fjöldi:** 1

Á Jörfa var þinghús sveitarinnar. Þinghústóttin er vestast á svonefndum Þinghól sem liggur sunnan og upp af bænum. Hún er um 5 x 7 m að innanmáli. Veggirnir eru nú mjög

<sup>19</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín VI, 1938:51.

samanfallnir og aðeins um 20 - 30 cm háir. Rof er í veggina bæði á norðurhlið og suðurhlið og hefur inngangur hugsanlega verið á öðrum staðnum eða báðum.

#### **14 Hof**

Að sögn Margrétar mun hafa verið hof á Jörfa. Ekki er vitað með vissu hvar það á að hafa verið, en hún taldi það hafa staðið framan við gilið sem er austan við bæinn. Hún var ekki viss um hvort það væri horfið í gilið, en benti á rústir niður á túninu, skammt fyrir ofan veginn, sem hugsanlegan stað. Ekki vannst tími til að kanna það nánar.

#### **15 Huldufólksbústaður**

Skammt suðaustur af bænum er klettur sem nefnist Sauðabúsklettur. Í honum bjó huldufólk. Þess var gætt að menn færu ekki of nálægt klettinum. Margrét kvaðst oft hafa heyrt söng úr klettinum.

#### **16 Hænsnakofi**

Lítill hænsnakofi var hlaðinn upp að klettavegg fyrir ofan bæinn..

#### **17 Gálghamar**

Nokkru austan við bæinn á Jörfa er klettabelti þar sem heitir Gálghamar. Sagnir munu vera um að þar hafi einhver verið tekinn af lífi en engar heimildir hafa fundist sem staðfesta það. Í Haukadalsá undir Gálghamrimun konu hafa verið drekkt fyrir barnsmorð árið 1636.<sup>20</sup> Þessi staður var skoðaður. Undir klettunum er rétt sem er hlaðin upp að þeim. Hún er um 8 x 8 m að innanmáli og eru klettarnir notaðir til að mynda austur- og suðurhlið. Inni í réttinni virðist hafa verið hlaðið mannvirki. Þar eru fjórir stórir steinar sem gætu reyndar hafa hrunið úr klettunum inn í réttina.

Önnur mannvirki sáust ekki þarna og ekki voru nein sýnileg mannvirki upp á sjálfum hamrinum.

Annar og stærri Gálghamar er við Neðri Haukadalsá og nefndur Höfði í Laxdælu.<sup>21</sup>

o o O o o

Helsta niðurstaða þessara skoðunarferða var sú að á svæðinu eru fjölmargar forvitnilegar minjar sem nauðsynlegt er að skrá með skipulegum hætti, á meðan enn eru til fróðir og staðkunnugir menn sem bent geta á minjar og þekkja til sögu þeirra.

---

<sup>20</sup> Ann. I:246, 329; III:200.

<sup>21</sup> Sbr Árbók Ferðafélags Íslands 1997:187-194.

## VIÐAUKI: Rannsókn á sýni úr fornleifauppgreftri að Eiríksstöðum 1997.

### Inngangur

Í júlímánuði 1997 fór fram fornleifauppgroftur á vegum Þjóðminjasafns Íslands undir stjórn Guðmundar Ólafssonar á rúst í landi Stóra-Vatnshorns í Haukadal í Dalasýslu, sem sögð er að hafi verið bær Eiríks rauða og nefnd hefur verið Eiríksstaðir (Guðmundur Ólafsson og Ragnheiður Traustadóttir 1998). Við uppgroftinn voru tekin sýni til rannsókna og fékk undirritaður eitt þeirra til greiningar. Tilgangur rannsóknarinnar var að fræðast um viðurværi og búskaparhætti þess fólks sem áður byggði staðinn og einnig að reyna að afla upplýsinga um myndunarsögu mannvistarlagsins sem sýnið var tekið úr.

### Sýnið

Sýnið var merkt “Eiríksstaðir 31/7 97 Gólf eða mannvistarlag sunnan við skála” og ku vera úr lagi sem fengið hefur númerið 9 í uppgraftarskýrslu (ibid. bls. 17 og sniðteikning). Í uppgraftarskýrslu hefur sýnið fengið númerið 20. Allt sýnið sem tekið var við uppgroftinn var í 8 jafnstórum sýnapokum, en hér er einungis helmingur þess, 4 pokar, tekinn til athugunar, alls 8 lítrar. Sýnið var rakt, dökk-svarbrúnt að lit, með viðarkolum og steinvölum. Sýninu var fleytt í fleytingartunnu (Ankara gerð) með 1 mm grisju í botni til að fanga „eftirhreytur” og 1mm og 0,3 mm sigtum við affall til að fanga „flotið”.

Eftirhreyturnar reyndust um 500 ml að rúmmáli og vega 1,2 kg. Þær eru óveðruð mól, sem samsett er úr sandi (> 1 mm vegna grisjunnar) og steinvölum allt að u.þ.b. 6 sm að stærð.

Flotið er samtals um 70 ml, 18,7 g af koluðum jurtaleifum, auk 50 ml, 3,3 g af ókoluðum rótartægjum, mosagreinum og stöku stráum. Ókolað efni í sýninu var ekki skoðað frekar því nær víst er að það er nýtt og órotnað þess vegna. Lífræn efni kolast nær undantekningarlaust fyrir tilstilli mannsins, hvort sem það er af ásetningi, eins og t.d. við kolagerð, eða ómeðvitað t.d. þegar jurtaleifar brenna ekki til ösku heldur kolast í eldstæði eða hlóðum. Ókolað lífrænt efni rotnar mjög fljótt undir venjulegum kringumstæðum í jarðvegi. Það að lífrænt efni er kolað er því nær óræk sönnun þess að maðurinn hafi „handfjatlað” það og að það sé, eftir atvikum, gamalt.

### Greining

Flotið var flokkað og greint undir smásjá (6,5-40 föld stækkun) og við greininguna var stuðst við samanburðarsafn fræja og fræhandbækur (t.d. Martin and Barkley 1961 og Berggren 1981).

Flotið er að miklum meirihluta viðarkol, allt frá því að vera salli og upp í smámola (< 1,5 sm). Örfáir ókolaðir skordýrahlutar eru í sýninu sem eru þó að öllum líkindum gamlir enda geta skordýrahlutar varðveist lengi við rétt skilyrði. Nokkur koluð, stór plöntugró eru einnig í sýninu, en ekki er unnt að greina þau til tegundar. Einnig eru í sýninu nokkur smá brot af beinum, bæði brenndum og óbrenndum.

Einungis fundust tvö koluð fræ í sýninu og eru þau bæði mjög illa farin. Annað fræið er u.þ.b. 1,5 mm í þvermál og hefur bústnað við kolun og orðið næstum hnattlaga. Kímið er þó sýnilegt undir fræskurninu og þar sem skurnið hefur máðst af. Kímið umlykur fræhvítuna sem einskonar belti og gæti þessi líffæraskipan bent til *Chenopodium* sp., hélunjólategundar. Þetta fræ er því greint sem cf. *Chenopodium* sp. Hitt fræið er u.þ.b. 0,8 mm í þvermál og hefur einnig bústnað út við kolun, þó í minna mæli en hitt fræið, og er því flatara. Þetta fræ hefur svipaða líffæraskipan og hið fyrra, þ.e. kímið er sem belti utan um fræhvítuna. Á yfirborði fræskurnarinnar má sjá óljóst mynstur, sem gæti bent til þess að um *Stellaria media*, haugarfa sé að ræða. Þetta fræ er því greint sem cf. *Stellaria media* type.

## Túlkun

Bæði hélunjólí og haugarfi, eru algengar illgresistegundir í kornökkrum og á röskuðum svæðum kringum mannabústaði. Þessi tvö fræ sem fundust í sýninu frá Eiríksstöðum gefa ekki tilefni til frekari túlkunar á lifnaðar- og búskaparháttum þeirra manna sem stuðluðu að myndun þess mannvistarlags sem sýnið var tekið úr.

Jarðlagið er blandað, þ.e. í því ægir saman efnum úr ólíkum áttum, gróðurmold, óveðraðri mól og koluðum og ókoluðum lífrænum leifum. Það er annars vegar myndað úr efni sem á rætur að rekja til ýmiskonar athafna manna, en hinsvegar hefur lagið myndast náttúrulegan hátt. Ekki er hægt að segja til um hvort mannvistarlagið hafi myndast innandyra eða utan. Sýnið úr því er mjög einsleitt og fátækt af „rusli” þ.e. beinum og jurtaleifum öðrum en viðarkolum. Það bendir því ekki til gólflags í mannabústað þar sem fram hefur farið tilreiðsla og neysla matar og þar sem finna má ummerki daglegs lífs í leifum af ýmsum toga.

## Niðurlag

Rústin að Eiríksstöðum hefur verið grafin upp tvisvar áður en rannsóknin sumarið 1997 fór fram og jarðlögum mjög raskað. Sýnatöku og rannsóknnum er því skorður settar. Þrátt fyrir það er mikilvægt að við frekari rannsóknir á staðnum verði reynt að safna sem flestum sýnum til greiningar og með því freistað að afla sem víðtækastra upplýsinga um lifnaðarhætti á staðnum til forna.

Mars 1998

Garðar Guðmundsson

## Heimildir

- Berggren, G. 1981. Atlas of seeds and small fruits of Northwest-European plant species (Sweden, Norway, Denmark, East Fennoscandia and Iceland) with morphological descriptions. Part 3: Salicaceae–Crucifare. Stockholm: Swedish Museum of Natural History.
- Guðmundur Ólafsson og Ragnheiður Traustadóttir. 1998. Fornleifarannsókn á Eiríksstöðum í Haukadal. 21. júlí – 1. ágúst. Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar 1997:XV. Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands.
- Martin AC and Barkley WD. 1961. Seed Identification Manual. Berkley and Los Angeles: University of California Press.